

## 10. Frumvarp til laga

um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt.

(Lagt fyrir Alþingi 1937.)

### 1. gr.

Heimilar eru aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt, ef fengið er til þess sérstakt leyfi samkvæmt ákvæðum laga þessara, enda sé um aðgerðirnar fylgt þeim reglum, sem lögín að öðru leyti setja.

Ákvæði laga þessara ná ekki til lækniáðgerða, sem viðurkenndar eru nauðsynlegar til að ráða bót á eða til að koma í veg fyrir vanheilindi þeirra, sem aðgerðirnar eru framkvæmdar á.

### 2. gr.

Aðgerðir, sem til greina koma samkvæmt ákvæðum laga þessara, eru þrennskonar:

1. **Afkynjanir:** Er kynkirtlar karla eða kvenna eru numdir í burtu eða þeim eytt þannig, að starfsemi þeirra ljúki að fullu.
2. **Vananir:** Ef sáðgangar karla eða eggvegir kvenna eru hlutaðir í sundur eða þeim á annan hátt lokað varanlega þannig, að slitið sé sambandi milli kynkirtlanna og hinna ytri getnaðarfæra.
3. **Fóstureyðingar** (sbr. 5. tölulið 3. gr. laga nr. 38 28. janúar 1935, um leiðbeiningar fyrir konur um varnir gegn því að verða barnshafandi og um fóstureyðingar).

### 3. gr.

Leyfi til aðgerða samkvæmt lögum þessum veitir landlæknir, en þó því aðeins, að meiri hluti nefndar þeirrar, er um ræðir í 5. gr., mæli með leyfisveitingunni.

Leyfi veitast samkvæmt umsóknum, sem hér greinir:

1. Frá viðkomanda sjálfum og aðeins frá honum, nema hann falli undir síðari töluliði þessarar greinar.
2. Frá foreldrum eða lögráðamanni, ef viðkomandi er undir 16 ára aldri eða hefir verið sviptur sjálfræði.
3. Frá tilsjónarmanni, skipuðum samkvæmt ákvæðum 4. greinar, ef viðkomandi er geðveikur eða fáviti og svo ástatt um hann, sem þar segir.
4. Frá lögreglustjóra, ef hann telur óeðlilegar kynhvatir viðkomanda munu geta leitt til glæpaverka, enda hafi hann fellt úrskurð um. Að því leyti sem slíkur úrskurður er ekki felldur í sambandi við sakamál, skal rannsókn sú, sem úrskurðurinn er byggður á, fara að hætti almennra lögreglumála. Úrskurði lögreglustjóra má áfrýja til æðri réttar.

Umsóknir skal rita á eyðublöð, er landlæknir gefur út og héraðslæknar láta í té. Skal hver umsókn árituð umsögn læknis, er hefir kynnt sér ástæður fyrir umsókninni og ástand viðkomanda. Ef viðkomandi lifir hjúskaparlífi, skal makinn rita umsögn sína á umsóknina, ella skal honum, ef unnt er, gefast kostur á að láta á annan hátt í ljós vilja sinn í málinu.

#### 4. gr.

Ef borið er upp fyrir landlækni, að nauðsyn beri til aðgerðar samkvæmt lögum þessum á geðveikum manni eða fávita, sem er sjálfráða, getur landlæknir, ef honum þykir ástæða til, krafizt þess, að viðkomanda sé á varnarþingi hans af héraðsdómara skipaður tilsjónarmaður. Þann, er vera mundi náttúrlegur lögráðamaður viðkomanda, ef hann væri ósjálfráða, skal skipa tilsjónarmann hans, nema eitthvert sérstakt mæli því í gegn. Tilsjónarmaður hefir sömu afstöðu til viðkomanda, að því er snertir ákvæði þessara laga, og lögráðamaður, ef viðkomandi væri ósjálfráða.

#### 5. gr.

Ráðherra skipar þriggja manna nefnd landlækni til ráðuneytis um framkvæmd laga þessara. Af nefndarmönnum skal einn vera læknir, helzt sérfróður um geðsjúkdóma, og annar lögfræðingur, helzt í dómastöðu.

Um úrskurði leyfa til aðgerða samkvæmt lögum þessum skal nefndin og landlæknir fylgja eftirfarandi reglum:

1. **Afkynjun** skal því aðeins leyfa, að gild rök liggi til þess, að óeðlilegar kynhvatir viðkomanda séu líklegar til að leiða til kynferðisglæpa eða annarra hættulegra óbótaverka, enda verði ekki úr bætt á annan hátt. Leyfi til afkynjunar veitist aðeins eftir umsókn viðkomanda sjálfs eða lögreglustjóra og þó því aðeins, að dómsúrskurður sé á undan genginn.
2. **Vönnun** skal því aðeins leyfa:
  - a. að gild rök liggi til þess, að viðkomandi beri í sér að kynfylgju það, er mikil líkindi séu til, að komi fram á afkvæmi hans sem alvarlegur vanskapnaður, hættulegur sjúkdómur, andlegur eða líkamlegur, fávitaháttur eða hneigð til glæpa, eða að afkvæmi hans sé í tilsvarendi hættu af öðrum ástæðum, enda verði þá ekki úr bætt á annan hátt.
  - b. að viðkomandi sé fáviti eða varanlega geðveikur eða haldinn öðrum alvarlegum langvarandi sjúkdómi og gild rök liggi til þess, að hann geti ekki með eigin vinnu alið önn fyrir sjálfum sér og afkvæmi sínu.
3. **Fóstureyðingar** skal því aðeins leyfa:
  - a. að gild rök liggi til þess, að hurður viðkomanda sé í mikilli hættu af kynfylgjum þeim, eða öðrum ástæðum, er um getur í tölulíð 2. a.
  - b. að viðkomandi hafi orðið þunguð við nauðgun, er hún hafi kært fyrir réttvísinni þegar í stað, enda hafi sökunautur verið fundinn sekur um brotið fyrir dómi, og er dómur undirréttar fullnægjandi í því efni.

Ráðherra er heimilt að skýra reglur þessar nánar í sérstakri reglugerð.

#### 6. gr.

Landlæknir ákveður í hverju einstöku tilfelli í samráði við nefnd þá, er um getur í 5. gr., í hverju aðgerðin, er hann gefur út leyfi fyrir, skuli vera fólgin, hvar hún skuli framkvæmd, og ef það getur ekki orðið á opinberu sjúkrahúsi, þá af hvaða lækni. Leyfi landlæknis skal vera rökstutt, getið tilefnis, umsækjanda og afstöðu nefndarinnar til leyfisins.

Nú synjar landlæknir leyfis, er meiri hluti nefndarinnar mælir með, og má þá umsækjandi leita úrskurðar ráðherra, er bá má fela nefndinni að gefa út leyfið.

#### 7. gr.

Öllum öðum en læknum eru óheimilar aðgerðir samkvæmt lögum þessum, og því aðeins eru þær heimilar læknum, að fyrir liggi skriflegt leyfi samkvæmt 6. gr., enda sé ekki fyrirsjáanlegt, að heilsu viðkomanda sé húið tjón af framkvæmd aðgerðarinnar.

Ekki má framkvæma aðgerð samkvæmt lögum þessum gegn vilja viðkomanda, eða, ef hann hefir á engan hátt vit fyrir sjálfum sér vegna æsku, geðveiki eða fávitaháttar, þá ekki gegn vilja lögráðamanns hans eða tilsjónarmanns. Þó er heimil

aðgerð samkvæmt 1. tölulið 5. greinar gegn vilja viðkomanda, þegar hennar hefir verið leitað af lögreglustjóra samkvæmt dómsúrskurði (sbr. 4. tölulið 3. gr.).

Nú framkvæmir læknir aðgerð samkvæmt lögum þessum, og skal hann þá í einu og öllu haga aðgerðinni samkvæmt fyrirætlunum í leyfi fyrir aðgerðinni samkvæmt 6. gr., auk þess sem hann skal í hvívetna fylgja ýtrustu kröfum læknisfræðinnar til tryggingar tilætlunum árangri af aðgerðinni, minnstri hættu viðkomanda af henni og því, að hann verði sem skjótast heill.

Um hverja aðgerð, sem læknir framkvæmir samkvæmt lögum þessum, skal hann þegar senda landlækni skýrslu, svo úr garði gerða sem landlæknir segir fyrir um.

#### 8. gr.

Allir þeir, sem starfa á einn eða annan hátt að framkvæmd laga þessara, eru bundnir þagnarskyldu um öll persónuleg málefni, er þeir í því sambandi kunna að fá vitneskju um.

#### 9. gr.

Brot á ákvæðum laga þessara varða sektum, 100—10000 krónum, nema þyngri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Landlæknir hefir samið þetta frv. og gerir grein fyrir því í ritgerð, sem prentuð er hér á eftir sem

#### Fylgiskjal.

## Afkynjanir og vananir

eftir *Vilm. Jónsson* landlækni.

### I. INNGANGUR

#### **Draumórar um viðtækar „kynbætur“ þjóðarinnar.**

Frumvarp það, er ég hefi samið um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki til að koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt, á ekki rót sína að rekja til neinna draumóra um viðtækar „kynbætur“ þjóðarinnar og sízt á grundvelli hinna óvísindalegu kenninga um mat á fólki eftir því, hver kynflokkaeinkenni það kann að bera. Er nú hátt látið um slíkt af ýmsum og eins og vita mátti allra hæst af þeim, sem á hinum óljósu hugmyndum um kyn og kyngæði og flóknu fræðum um erfðalögmál og arfgengi kunna sízt skynsamlega grein.

#### **Gildi ólíkra hæfileika einstaklinganna.**

Höfundur frumvarpsins væntir að eiga samleið með miklum meiri hluta þjóðarinnar, er hann aðhyllist hinn demókrat-

íska hugsunarhátt, sem virðir til hins ýtrasta einstaklingana, sérkenni þeirra og persónuleik, og metur það í lengstu lög til auðlegðar og upphafðar hverju menningarþjóðfélagi, að borgararnir séu, innan heilbrigðra takmarka, sem allra breytilegastir að eðli og eiginleikum. En menning þjóðfélaganna miðast þá við það, hvernig þeim tekst að nytja hina ólíku hæfileika borgaranna, hverjum einstökum til hins mesta þroska og farsældar, jafnframt því að bræða þá saman, þjóðfélagsheildinni til sameiginlegrar hamingju og heilbrigðs viðgangs.

#### **Kynbætur manna og kynbætur dýra.**

Þessum hugsunarhætti er það fjarstætt að jafna saman kynbótum manna og kynbótum búpenings. Með slíkum kynbótum er stefnt að því, að dýrin svari vel einhverri ákveðinni kröfu, sem eigendurnir

gera til þeirra (mjólkurkúr, ullargott fé, reiðhestar o. s. frv.), en fyrir því er engin trygging, að kynbótadýrin séu í sjálfu sér fullkonnari en önnur dýr — út frá því sjónarmiði, sem dýrin sjálf myndu hafa, eða væri skylt að hafa, ef þau hefðu nokkurt sjónarmið — og eru það vafalaust ekki. Hinir hreinræktuðustu veðhlaupahestar, sem gleðja hinn brezka aðal með því að vinna veðhlaupin í Derby, eru gallagripir að öðru leyti með ýmsar erfðaveilur, sem oft verða þeim að fjörtjóni fyrir aldur fram. Gamlar og lífsleiðar jómfrúr geta haft mikið yndi af félagsskap kynhreinna Pekingshunda, að sínu leyti eins og sumum lítilsigldum karlmönnum kemur vel að hressa upp á vesöld síns innra manns með því að státa sig með hreinræktuðum og mikilúðlegum holabítum. En hinir kynblönduðustu og mest lítilsvirtu þarfahundar eru engu að síður miklu hæfari til almenns hundalífs en þessir aristókratisku bræður þeirra. Nú á tímum, þegar svo mikið er skrifað um hið „hreina kyn“, má þetta verða til nokkurrar huggunar okkur mönnum, sem erum svo fjarri því að vera „hreinræktaðir“, að heppilega hefir þótt að orði komizt, er sagt hefir verið, að frá sjónarmiði „kynhreinna“ tildurhunda værum við allir undantekningarlaust ófétislegustu lubbarakkar og stubbhundar — hið göfuga norræna kyn ekki undanskilið.

Við almenna ræktun síns eigin kyns sæmir mönnum ekki annað -- nema þeir sætti sig við að verða veðhlaupahestar fyrir aðalsmenn, kelturakkar gamalla jómfrúa eða jafnvel holahundar einhvers foringja — en að taka tillit til svo margbreytilegra eiginleika, að á engan hátt verður við hitt jafnað. Þegar menn eiga í hlut, mundi viðleitni til kynhóta í himni alþýðlegu merkingu þess orðs reka sig á þá erfiðleika, sem naumast er hugsanlegt að yfirstiga. Erfðafræðin gæti þar litla aðstoð veitt, þó að hún, sem kunnugt er, endist að ýmsu leyti all-vel til leiðbeiningar við kynbætur nytjajurta og húsdýra, miðað við þær einföldu kröfur, sem þar um eru gerðar — að því slepptu, hverjir aðrir erfiðleikar væru á að koma við kynbótum á meðal manna á svipaðan hátt og meðal jurta og dýra, ef mennirnir

eiga þá ekki að verða skepnur, en halda áfram að vera menn.

### Hverskonar fólk?

Sannleikurinn um þetta mál er sá, að enginn er fær um að gera grein fyrir, hverjum eiginleikum og eðli menn ættu að vera gæddir til að vera hollastir sjálfum sér og hæfastir samfélaginu, ekki einu sinni þó að miðað væri við yfirstandandi tíma, hvað þá ef miðað væri við framtíðina, sem enginn veit um, hverjar kröfur kann að gera. Á t. d. að gera ráð fyrir þjóðfélagi, sem hefir leitt til öndvegis hugsjón friðar og jafnréttis og krefst um fram allt manna, er séu sem allra hæfastir til að lifa saman eins og bræður, er hver veiti öðrum og hjálpi líkt og hönd hendi eða fótur fæti — eða þjóðfélagi, sem dýrkar hugsjón ófriðar, ofbeldis og kúgunar og gefur hinum sterkustu einum allan rétt? En jafnvel þó að þetta væri vitað og takmarkið, sem stefna bæri að, tvímælalaust, mundi engin þekking endast til að gera það fært að ná hinu setta marki.

### Mannrækt — seinunnið verk.

Hér er þó ekki verið að kasta rýrð á sjálfa hugmyndina um kynbætur og ræktun mannfólksins, sem er allrar virðingar verð, enda spröttin af góðum vilja ágættra manna, sem á því eiga enga sök, að fleiri hafa misskilið hana en skilið og að hún hefir sumstaðar fallið í hendur ræningja. En framan í þá staðreynd verður að horfa, að hér verður litlu um þokað nema eftir óbeinum og seinförnum leiðum, og næsta lítil von um öruggan og því síður skjótan árangur. Hér mun aðallega koma fernt til greina, sem ætla má, að miði til réttar áttar:

### Hinu bezt gerða fólki um of óljúft að eignast afkvæmi.

1. Að fá dregið úr þeirri sorglegu áhættu, að bezt gerða fólkið í öllum stéttum, dugmesta fólkið, skynsamasta fólkið, karakterfólkið, fólkið, sem hefir mesta ábyrgðartilfinningu fyrir sér og sínum, fólkið, sem yfirleitt má gera ráð fyrir, að þúi yfir heilbrigðustum og kostamestum kynföstum eiginleikum, freistist meira og meira til að takmarka við sig barneignir

kynslóð eftir kynslóð. En hér mun lítið á vinnast, nema þjóðfélögin taki þeim breytingum, að einmitt slíku fólki verði eftirsóknarvert að ala börn í heiminn í stað þess að skelfast það af fullgildum ástæðum. Og að visu má heimurinn taka miklum stakkaskiptum til þess að slíkt megi á vinnast.

### **Hið miður gerða fólk hrúgar um of niður börnum.**

2. Að vekja samvizku og ábyrgðartilfinningu hinna, sem ætla má, að séu yfirleitt síður æskilegir foreldrar komandi kynslóða, því til hindrunar, að þeir hrúgi hóflaust og fyrirhyggjulaust niður afkvæmum, eins og of mörgum af þeim, er sízt skyldi, hættir við að gera. Þessu líkt er að vekja athygli á, hve ósæmilegt það er að velja sér maka án allrar ábyrgðartilfinningar fyrir afkvæmi sínu. Hér mundi helzt vera árangurs að vænta af sem heztri alþýðufræðslu, sem léti sér ekki þessi mál óviðkomandi. Fróðleikur um getnaðarvarnir verður að ná til sem allra flestra og einkum þeirra, sem sízt eru móttækilegir fyrir fróðleik, ella má gera ráð fyrir, að iðkun slíkra varna hafi hinar öfugustu verkanir.

### **Gildi bættra lífskjara almennings.**

3. Að bæta lífskjör manna almennt, og kemur þar hvorttveggja til greina: að draga úr ofnautn og ólífnaði ofnægtanna og úr skorti og óreglu örbirgðarinnar, sem hvorttveggja spillir stórlega uppeldi og þroska hinna upprennandi kynslóða á þann hátt, að mjög mikið af hinum kynbeztu erfðavisum verða fyrir þeirri kyrkingu í uppvextinum, að þeir fá aldrei borið ávexti í neinni líkingu við það, sem

þeim er áskapað. Bætt lífskjör almennings, hins mikla fjölda, sem þjakaður er af örbirgð og áþján, yrði vafalaust hin fljótverkasta ráðstöfun til að lyfta kynstofninum til meiri fullkunnar og þroska. Er fátt betur sannað af reynslunni en einmitt þetta, og mundi jafnvel vor þjóð vera þar lifandi dæmi, svo mjög sem hún hefir, fyrir bætt lífsskilyrði, réttz úr kútnum hina síðustu áratugi, þó að mikils sé enn vant. Að vanrækja þetta, en hrópa hátt um aðrar ráðstafanir til ræktunar mannfólkinu, er líkt og framferði ráðleysingjans, sem hrópar á það, sem hann ekki hefir, áður en hann hefir notað sér til háls það, sem hann hefir til þess síðan að troða það, sem hann fær, með hinu niður í skitinn. Hin misjöfnu kjör, sem mönnum eru búin, rugla mjög hugmyndir manna um, hverjir eru líklegir til að búa yfir beztum erfðakostum, og hafa gefið tilefni til margvíslegra hleypidóma um yfirburði yfirstétta og efnafólks að þessu leyti yfir hinar vinnandi og miður megandi stéttir. Allar kenningar um þetta eru mjög hæpnar og eiga sennilega allra sízt við nokkuð að styðjast hér á landi.

### **Sérstakar læknisaðgerðir.**

4. Að koma í veg fyrir það með viðeigandi ráðstöfunum eða beinum læknisaðgerðum, að fólk auki kyn sitt, ef ætla má, að það húi yfir sérstaklega hættulegum kynfylgjum, enda séu lítil líkindi til, að það takmarki við sig barngetnað á annan hátt.

Frumvarp mitt er einkum helgað þessu síðasta atriði og þó aðeins öðrum þræði. Verður það nú skýrt nánar og efni þess fylgt grein fyrir grein.

## **II. EFNI FRUMVARPSINS RAKIÐ OG SKÝRT**

### **Ákvæði frumvarpsins ná ekki til læknisaðgerða við sjúkdómum.**

1. gr. Læknisaðgerðir þær, sem frumvarpið fjallar um og nánar verður getið síðar (sbr. 2. gr. frumvarpsins), eru iðulega framkvæmdar til lækningar sjúklingum við ýmsum sjúkdómum, og er ekki ætlunin að takmarka heimild til þeirra aðgerða á nokkurn hátt.

### **Aðgerðir til að koma í veg fyrir getnað og í hverju þær eru fólgnar.**

Gelding heitir það á íslenzku, er kynkirtlar karldýra eru numdir í burtu (castratio). Þegar jöfnum höndum er að ræða um konur og karla, er orðið ekki vel heppilegt. Hefi ég því kosið að gera nýyrði yfir og kalla aðgerðina afkynjun í líkingu við ensk orð: unsexing, asexualization.

2. gr.

Yfir hina aðgerðina, að koma í veg fyrir möguleika til getnaðar með því að hluta í sundur eða loka göngunum til kynkirtlanna (sterilisatjón), er ekkert orð til í íslenzku, og mundi alþýða ekki gera mun þessara tveggja aðgerða, en kalla hvorttveggja geldingu, a. m. k. ef um karldýr væri að ræða. Ég hefi tekið mér bessaleyfi og nefnt þetta vönun, þó að það orð tákni raunar áður venjulega geldingu. oftast ákveðinna dýra. Því er þar með gefin aukamerking, og er ekki ófitt í íslenzku fremur en í öðrum málum, að orð hafi fleiri en eina merkingu, eða að hin fræðilega merking orðs sé nokkru hnitmiðaðri en hin alþýðlega merking. Auk þess réttlætir það bessaleyfið, að eins og aðgerðin er vægileg og lítills háttar, miðað við afkynjun, er orðið mjúkt í munni og hljómar ekki ólíkt því, að ætla mætti, að þeim, er fyrir aðgerðinni hefir orðið, sé að visu einhvers vant á eftir, en engan veginn alls, og hittir það naglann allvel á höfuðið.

#### Afkynjun og verkanir hennar.

Afkynjun er mikils háttar aðgerð, sem hefir viðtæk áhrif á þann, er fyrir henni verður. Gerir hún ekki eingöngu viðkomanda óhæfan til getnaðar, heldur sviptir hann að jafnaði kynferðilegum hvötum, og þó ekki að sjálfsgöðu möguleika til samfara (ekki heldur karlmenn). Auk þess hefir aðgerðin í för með sér enn viðtækari breytingar á eðli viðkomanda, einkum að því er snertir tilfinningalíf hans. Afkynjun á börnum og óþroskuðum unglingum truflar þroska þeirra, og er ekki gert ráð fyrir, að aðgerðin sé framkvæmd á þeim, enda ætti yfirleitt mjög sjaldan að vera ástæða til að grípa til þessarar aðgerðar (sbr. 5. gr. frumv.). Verður nánar vikið að þessu síðar.

#### Vönun og verkanir hennar.

Vönun er höfuðaðgerðin til að ná tilgangi frumvarpsins. Hún breytir í engu eðli þeirra, sem hún er gerð á, og hefir engin áhrif á kynhvatir né hæfileika til samfara. Hið eina, sem gæti átt sér stað í þessu sambandi, er það, að meðvitundin um að vera sviptur möguleika til getnaðar, gæti í einstökum tilfellum haft miður holl áhrif á veiklað sálarlíf. En það mun vera eins sjaldgæft og hitt er almennt, að vissan um að vera laus við

þessa áhættu veitir andlegan styrk og rósemi þeim, sem hafa átt í sálarstríði vegna hennar.

#### Áhætta af sjálfum aðgerðunum og hvernig þeim er hagað.

Áhættuna af sjálfum þessum aðgerðum á líkamlega heilbrigðu fólki verður að telja litla, og þó er að því leyti allmikill mismunur karla og kvenna. Afkynjun karla (castratio) er útvortis aðgerð, framkvæmd með tveimur smáskurðum, sínum í hvorum nára, ætti að gerast á sjúkrahúsi og tekur viku til 10 daga legu. Vönun karla (vasectomia) er hin smæsta aðgerð. Smástunga sín í hvorum nára, og er hvor um sig heft saman á eftir með einni klemmu eða einu saumstagi. Má gera á lækningastofu, og er engrar legu þörf, en réttara að reyna lítið á sig næsta sólarhring. Afkynjun og vönun kvenna (ovariectomy, salpingectomy) verður að gerast með holskurði, má jafna við einfaldan botnlangaskurð um áhættu og tekur viku til 10 daga spítalalegu. Unnt er að afkynja konur bæði með Röntgengeislum og radíum, en er ekki eins örugg aðgerð og skurður. Einnig hefir eitthvað verið gert að því í Bandaríkjunum að vana konur á þann hátt að fara með rafmagnspráð upp í gegnum móðurlegið, leiða rafmagn eftir og særa eggvegina innan í því skyni, að þeir vaxi saman og lokist á eftir. Orðalag frumvarpsins hér að lútandi bendir jafnframt til þessara hugsanlegu aðgerða.

#### Öryggi afkynjunar og vönunar með tiliti til getnaðar.

Fullkomin afkynjun veitir að sjálfsgöðu fullkomið öryggi í þeim efnum. Aftur kemur það fyrir, að vönun, og jafnvel þó að hún hafi verið framkvæmd með skurðaáðgerð, nær ekki tilgangi sínum fyrir það, að náttúran opnar á ný göngin til kynkirtlanna, og er það kunnugt bæði um karla og konur, sem undir slíka aðgerð hafa gengið, að þau hafa getið börn eftir sem áður og ef til vill aldrei greiðar. Þetta verður þó að telja til mistaka, og þarf slíkt alls ekki að koma fyrir, ef hinar öruggustu aðgerðir eru valdar og fullrar vandvirkni gætt við framkvæmd þeirra.

**Ekki aftur tekið.**

Fólk, sem einu sinni hefir verið gert óhæft til harngetnaðar með þessum aðgerðum, getur ekki reiknað með því, að allt megi lagfæra aftur, ef það kynni að sjá sig um hönd. Að visu er hugsanlegt að opna aftur göngin til kynkirtlanna, og stundum tekst það með skurðaðgerð, en á það skyldi enginn treysta.

**Fóstureyðing: Vísað til fóstureyðingarlaga.**

Um fóstureyðingaraðgerðir vísast til fóstureyðingarlagna og greinargerðar, sem á sínum tíma fylgdi frumvarpi til þeirra laga.

**Girt fyrir misbeitingu aðgerðanna. Ástæður til varúðar. Sjálfsákvörðunarréttur manna um líf sitt og limi viðurkenndur til hins ýtrasta.**

3. gr. Leitast hefir verið við að búa sem tryggilegast um, að þessum viðkvæmu aðgerðum verði ekki misbeitt, og því fremur sem ekki er laust við, að þess hafi orðið vart, að sumar stoðir þjóðfélagsins kitli í gómana eftir að geta látið hendur standa fram úr ermum til að „hreinsa kynstofninn“ á þenna hátt. Þannig birtist greinarstúfur í sjálfu Læknablaðinu fyrir nokkru (4. tbl. 1935, bls. 65), sem mér þótti bera vott um svo siðlausan hugsunarhátt í þessum efnum, að mér féllust um tíma hendur við undirbúning frumvarpsins og hugði ábyrgðarhluta að afhenda læknastéttinni málið til framkvæmda. Einhver nýtizku villimaður þýzkur hafði grafið upp geldingarfrimæli úr hinni fornu lögbók vorri, Grágás, svo hljóðandi: **Rétt er að gelda göngumenn, og varðar eigi við lög, þó að þeir fái örkuhl af eða bana.**<sup>1)</sup> Á þessu var smjattað í blaðinu með svo látandi ummælum: „Gömlu mönnunum var það ljóst, hve miklu það varðar, að kynstofninn sé góður, og þeir vildu losna við landeyður. Þeir stóðu oss frammar að þessu leyti. Nú eru þær í hávegum hafðar.“ Enginn minnsti vottur af viðbjóði á dýrs-

1) *Konungsbók II*, bls. 203: *Rett er at gellda gongo menn, oc varðar eigi við lög þat þeir fae örkuhl af eða bana.* Shr. einnig *Skálholtsbók* bls. 419: *Riett er ad gellda alla gaungu menn og vardar eij við laug þo þeir fai aur kumsl af.*

legri grimmd forfeðranna, sem auðsjáanlega átti rót sína að rekja til þess eins, að þeir vildu verja misjafnlega fengnar eignir sínar. Viðurstyggðin er hafin til skýjanna sem göfug hugsjón, og menn kunna sér ekki læti af hrifningu!

Hverjir voru svo göngumennirnir? Þeirra tíma sjúklingar, þurfamenn og atvinnuleysingar, e. t. v. að einhverju leyti misjafnt fólk, en vafalaust á meðal þess blóminn af intelligens þjóðarinnar, listamenn að gáfum og skapferli, sem á öllum öldum eiga bágt með að tryggja afkomu sína við hversdagslegt erfiði. Sjá menn ekki framferðið fyrir sér, og hvað mun ekki hafa verið leyfilegt í viðskiptum við þetta vesalings fólk, er vopnaðir dólgar höfðu lagaheimild til að ráðast á það, taka það með valdi og limlesta það á hinn svivirðilegasta hátt. Fara má nærri um þær læknishendur, sem að hafa verið lagðar, hversu hreinlega muni hafa verið að unnið og hvernig sárin hafa hafzt við, enda þótti vissara að gera sig með lögum ábyrgðarlausan af því, þó að örkuhl hlytust af eða jafnvel bani. „Þeir stóðu oss frammar að þessu leyti,“ því að nú eru landeyðurnar „í hávegum hafðar“. Er ekki bert, hverjir það eru, sem hlakkað mundi yfir að fá að gelda? Þessa herra órar auðsjáanlega ekki fyrir því, að það er mikið álitamál, hverjar eru hinar eiginlegu landeyður í þjóðfélögunum, að við lifum á byltingatímum, að það er undir hælinn lagt, hvaða „landeyður“ það eru, sem á hverjum tíma hafa yfirhöndina, og ef boðað er til stríðs um geldingar, er með öllu óvist, hver annan geldir.

En því hefir á þenna óþverra verið minnst, að óskað er eftir að taka það skýrlega fram, fyrir hönd þess, sem samið hefir frumvarpið, svo og þeirra, sem væntanlega flytja það, að ekkert er fjær tilgangi þeirra en að það verði nokkurntíma notað til réttlætningar kúgun og ofbeldisverkum eða neinskonar þvingunarráðstöfunum við aðra en hættulegustu glæpamenn, og ætti raunar mjög sjaldan, ef þá nokkurn tíma, að þurfa að gripa til þess við þá, heldur er það þvert á móti helgað mannúð og miskunnsemi og virðingu fyrir persónulegum sjálfsákvörðunarrétti manna um líf sitt og limu. Er og

gert ráð fyrir því, að nægilega tryggilega sé girt fyrir hverskonar misbeitingu aðgerðanna með ákvæðum frumvarpsins (sbr. einkum 3. gr., 5. gr. og 2. málsg. 7. greinar). Að undanteknum hættulegum glæpamönnum fyrir óeðlilegar kynhvattir, má aldrei gera þessar aðgerðir á neinum manni nauðugum, nema hann hafi „á engan hátt vit fyrir sjálfum sér vegna æsku, geðveiki eða fávitaháttar“ og „þá ekki gegn vilja lögráðamanns hans eða tilsjónarmanns.“

**Hverjir leita aðgerðanna: Viðkomandi sjálfur, lögráðamaður, tilsjónarmaður, lögreglustjóri.**

Höfuðreglan er, að viðkomandi æski aðgerðarinnar sjálfur af frjálsum vilja, og eftir reynslu annarsstaðar, þar sem slík lög hafa verið í gildi, er ekki ástæða til að ætla, að á því verði yfirleitt fyrirstaða, ef gildar ástæður eru fyrir hendi, en viðkomandi kominn af barnsaldri eða nokkurnveginn með réttu ráði. Fyrir ófullveðja fólki, hvort sem það er fyrir bernsku, fávitahátt eða geðveiki, verða aðrir að ráða svo í þessum efnum sem öðrum, og stílar þá lögráðamaður eða sérstaklega skipaður tilsjónarmaður (sbr. 4. gr. frumvarpsins) umsókn um aðgerðina, þegar svo á stendur, og her ábyrgð á, að hún fari fram. Loks getur lögreglustjóri átt frumkvæði að aðgerðinni, en aðeins þegar glæpamaður eða maður líklegur til glæpaverka vegna óeðlilegra kynhvatta á í hlut. Þá er gert ráð fyrir, að lækni, sem kynnir sér ástandi viðkomanda, geri grein fyrir ástandi hans og fylgi greinargerð hans umsókninni. Og loks er ætlað til, að maki hans fái að skýra sína afstöðu.

**Skipun sérstaks tilsjónarmanns.**

4. gr. Maður getur verið fáviti eða geðveikur á því stigi, að hann hafi á engan hátt vit fyrir sjálfum sér og þó sjálfráða, af því að ekki hefir verið haft fyrir því að skerða lögræði hans, sem yfirleitt er ekki gert nema að því leyti sem hefta þarf umráð slíks fólks yfir fé sínu. Nú getur aðstandendum eða öðrum kunnugum þótt ástæða til, að tekið sé til athugunar, hvort ekki eigi að leita aðgerðar á þessum manni til að koma í veg fyrir, að hann

auki kyn sitt, og miða ákvæði 4. greinar frumvarpsins til að gera það kleift. Með því að snúa sér til landlæknis er unnt að koma því til vegar, að hlutaðeiganda sé af héraðsdómara settur tilsjónarmaður, sem þá kemur, að því er þessar ráðstafanir snertir, í stað lögráðamanns. Að jafnaði ætti að skipa nánasta aðstandanda tilsjónarmann í þessum tilfellum, en þó geta orðið meinbugir á því, svo sem ef um fávita er að ræða, sem kominn er út af farráðlingum og ætti þá eina að nánustu aðstandendum.

**Nefnd sérfróðra manna til aðstoðar landlækni við framkvæmd laganna.**

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir sérfróðri þriggja manna nefnd landlækni til aðstoðar við að úrskurða um heimildir til aðgerða samkvæmt lögnum, þar af einn lækni, helzt geðsjúkdómalæknir, og annar lögfræðingur, helzt í dómarastöðu. Æskilegast er, að lækniinn og nefndinni sé sérfræðingur í geðsjúkdómum, en því er það ekki fastbundið, að gera má ráð fyrir, að fyrst um sinn verði svo lítið um sérfræðinga í þessari grein, ef til vill aðeins einn eða tveir menn, að torkerki geti verið á, að þeir taki slíkt starf að sér, t. d. fyrir það, að þeir séu ófúsir eða jafnvel ófánlegir til þess. Líkt er um það að segja, að velja lögfræðing í dómarastöðu í nefndina, sem getur verið svipuðum vandkvæðum hundið. Ákvæðið er hending til ráðherra um að tilnefna meiri háttar lögfræðing, sem að minnsta kosti væri trúandi til að gegna dómarastöðu. Vel væri, að þriðji maðurinn í nefndinni yrði skipaður með tilliti til þess, að hann gæti orðið sem heztur fulltrúi heilbrigðs almenningsálits og hleypidómalausrar skynsemi (common sense). Að því leyti sem nefndinni kann að vera vant sérþekkingar, er henni innan handar að leita jafnan aðstoðar hinna beztu sérfræðinga, sem völ er á, einkum í geðsjúkdómafræði, sálarfræði, erfðafræði og jafnvel ættfræði.

**Tilgangur laganna birtist í settum skilyrðum fyrir heimild aðgerðanna.**

Í frumvarpinu eru skýrar reglur um réttmæt tilefni aðgerðanna, og er þar greinilega markaður tilgangur hinna fyrirhuguðu laga.

5. gr.



**Afkynjun má aðeins heimila til að koma í veg fyrir kynferðisglæpi og íkveikjuæði.**

Samkvæmt framansögðu er gersamlega óþarft að beita afkynjun til að koma í veg fyrir, að fólk auki kyn sitt, þar sem vonun, sem er miklu minni háttar og hættuminni aðgerð, nægir fullkomlega til þess. Því aðeins er ástæða til þessarar aðgerðar, að óskað sé eftir þeirri breytingu á hvötum og tilhneigingum viðkomanda, sem brottnáam kynkirtlanna er kunnugt að því að valda. Nú eru það tveir flokkar glæpa, sem taldir eru standa í sambandi við óeðlilegar kynhvatir manna, sem aftur eiga rót sína að rekja til kynkirtlanna. Það eru kynferðislegir ofbeldisglæpir og brennu- eða íkveikjuæði, og koma þar naumast aðrir til greina en karlmenn. Aðgerðin er og því aðeins heimiluð, að um líklega hindrun slíkra glæpa geti verið að ræða. En nákvæmlega her að athuga hvert einstakt tilfelli áður en slík aðgerð er leyfð, og alltaf skyldi á undan fara nákvæm athugun geðsjúkdómalæknis á viðkomanda, ekki sízt, ef slíkur sérfræðingur á ekki sæti í nefndinni. Þar sem í frumvarpinu segir: „enda verði ekki úr bætt á annan hátt“, er að sjálf-sögðu átt við það, að á annan hátt verði eftir atvikum ekki ráðin bót á hinum sjúklegu tilhneigingum viðkomanda, en ekki hitt, að hindra megi með vöktun eða fangelsun hans, að hann fremji óbóta- verk.

**Afkynjun má aldrei beita sem refsingu.**

Það, sem hér má ekki orka tvímælis, er það, að aðgerðum þessum má aldrei beita sem refsingum, heldur aðeins sem nauðsynlegum lækniáðgerðum, og að því leyti sem gert er ráð fyrir þvingunarráðstöfunum í sambandi við framkvæmd þeirra, her að jafna því við það, sem heimilt er að gera til takmörkunar persónulegu frelsi manna samkvæmt sóttvarnarlögum, þegar um alvarlegar sóttir er að ræða, sem almenningi stendur hættu af.

**Afkynjun má heimila, þó að viðkomandi hafi ekki verið dæmdur fyrir glæp.**

Í lögum annara landa (Danmörk, Þýskalend) eru þessar aðgerðir ekki

heimilaðar nema viðkomandi hafi þegar gerzt sekur fyrir dómi um glæpi af því tagi, sem þeim er ætlað að hindra. Í frumvarpi mínu er gengið feti lengra, og gert ráð fyrir, að aðgerðina megi heimila, ef viðkomandi er líklegur til að vinna slík glæpaverk vegna óeðlilegra kynhvata, án tillits til þess, hvort hann er þegar dæmdur sakamaður fyrir slíkan glæp eða ekki. Bæði er það, að viðkomandi sjálfur getur verið sér meðvitandi um sjúklegar tilhneigingar sínar að þessu leyti, þó að hann hafi aldrei gerzt sekur á þann hátt, að hann hafi komizt undir mannahundur, og kann hann þá að óska aðgerðarinnar. Og í öðru lagi er engan veginn óhugsandi, að foreldrar eða nánustu vandanmenn hafi orðið varir við þessi einkenni barna sinna eða venzlamanna og vilji fá ráðna bót á, áður en til stórra óhappa dregur. Þekki ég dæmi slíks. Í báðum tilfellunum virðist mannúðlegra og þjóðfélaginu gagnlegra, ef unnt væri að girða fyrir óböppin í tíma, heldur en að bíða eftir því, að unnin verði óbótaverk. En til tryggingar gegn því, að hrasað verði að þessum aðgerðum, hefir verið sett ákvæði um það í frumvarpið, að því aðeins megi heimila þær, að viðkomandi óski aðgerðarinnar beinlínis sjálfur, ella lögreglustjóri, og þá því að eins, að dómsúrskurður hafi gengið á undan. En honum má áfrýja til æðri réttar.

**Vönun má heimila vegna afkomendanna og vegna viðkomanda sjálfs.**

Vönun má heimila í tvennskonar tilgangi, þ. e. 1) til að koma í veg fyrir fæðingu gallaðs afkvæmis, og 2) til að létta fávítum og sjúklingum lífsharáttuna.

**Takmarkaðs árangurs að vænta af vönununa til útrýmingar erfðagöllum, öðrum en arfgengum fávítahætti.**

Heimila má vönun í því skyni að hindra fæðingu barna með alvarlega erfðagalla, þ. e. verulega vanskapnaði, hættulega andlega eða líkamlega sjúkdóma, fávítahátt eða glæpahneigð. Yfirleitt er hér þó ekki ákaflega mikils kynbætandi árangurs að vænta, er teljandi þýðingu geti haft fyrir þjóðarheildina, nema helzt að því er snertir hinn arfgenga fávítahátt, sem siðar verður sérstaklega vikið að. Ekki fyrir

það, að ekki sé kunnugt um fjölda annarra erfðagalla og arfgengra sjúkdóma, og er meðal annars alkunnugt, að flogaveiki (epilepsia), sem er alltiður sjúkdómur, svo og hinir tíðustu geðsjúkdómar eru greinilega ættgengir. En eitt er að vita þetta og annað að vita hitt, eftir hverjum reglum slíkar erfðir fara, en það er langoftast ýmist ókunnugt eða fer eftir svo flóknum leiðum, að sjaldnast eru um það þær reglur kunnar, að hafa megi af verulega hagnýt not. Flestar almennar framkvæmdir til að hefta sjúklegar erfðir yrðu því meira og minna fáltni í blindni. Ég nefni til dæmis, að eitt er að vera sjálfur laus við arfgengan sjúkdóm og annað að bera ekki í kynfrumum sínum erfðavísi slíks sjúkdóms. Er alkunnugt, að sjúklingur, sem fengið hefir sjúkdóm að erfðum, þarf ekki að vera líklegri til að gróðursetja hann í afkomendum sínum en heilbrigð systkini hans eða önnur skyldmenni, enda geta slíkir sjúkdómar iðulega hlaupið yfir marga liði.

Til dæmis um, hverjum erfiðleikum aðeins þessi staðreynd getur valdið, og um það, hve seint mundi ganga að útrýma arfgengum kvillum, jafnvel þó að vönunum væri beitt í stórum stíl, er oft nefndur vanskapnaður, svo nefndur **albinismi**, sem fólgin er í því, að litarefni vantar í húð manna og háir og í sjónhimnu augans, og fylgir alvarlegur sjóngalli. Þessi kvilli er ekki tíðari en það, að hann er ekki talinn ná til  $\frac{1}{1000}$  allra manna. Það hefir verið reiknað út, að þó að unnt væri að vana, kynslóð eftir kynslóð, hvern einasta mann og konu, sem haldin væri þessum kvilla, mundi það þó taka álika tíma og frá Krists fæðingu til vorra daga að fækka tilfellunum um helming.

Engu að síður er það þó til, að fyrirfram verður sagt með nokkurnveginn fullri vissu, í hverri hættu fólk er um að eignast erfðagölluð afkvæmi, og kemur þá til álita, að hverju einstöku tilfelli athuguðu og grannskoðuðu, hvort ástæða er til að hindra það með vönun, að það leggi í þá hættu. Gera má ráð fyrir, að oft verði hættan þó fyrst ljós eftir að slys hefir hent. Ég nefni til dæmis hjón í Reykjavík, enn á tiltölulega ungum aldri, sem bæði eru daufdumb og hafa þegar átt tvö daufdumb börn, og önnur ung hjón, sem

líka hafa eignast tvö börn, bæði nærri blind af kunnum erfðasjúkdómi. Yfirleitt eru tilfelli, sem sambærileg eru þessum, næsta fágæt, og ekki líklegt, að afskipti af þeim hafi mikla þýðingu fyrir þjóðarheildina. En þau hafa óumræðilega mikla þýðingu fyrir þá ógæfusömu einstaklinga, sem í hlut eiga, og það er ekki sízt tilgangur þessa frumvarps að verða slíku fólki að liði.

#### **Höfuðtilgangur frumvarpsins: Vönun fávita.**

Þá er komið að þungamiðju frumvarpsins og höfuðtilgangi, en það er vönun fávita í því skyni að hefta barngetnað þeirra og þá meðal annars vegna erfðahættunnar, sem kunnugt er um, að af þeim stafar.

#### **Fleiri fávitar en alþýða kallar því nafni.**

Allir kannast við fávita, og fara sögur af þeim á öllum öldum. Nægir að minna á „fiflið Ingjalds“ úr íslenskum fornþekktum og umskiptinga þjóðsagnanna. En í nútímaskilningi eru miklu fleiri fávitar en þeir, sem alþýða manna fyrr og síðar hefir kallað því nafni, en það er aðeins þeir, sem bera utan á sér glögg einkenni hins andlega vanþroska, komast aldrei í andlegum skilningi af hinum fyrsta barnsaldri, læra þannig ekki eða mjög illa að tala, þó að þeir heyri, bera ekki eða illa skyn á frumstæðustu þarfir sínar og eru alla tíð ósjálfbjarga eins og börn á fyrstu aldursárunum.

#### **Vitpróf og andlegur þroski.**

Það er ekki fyrr en vitprófin koma til skjalanna, að menn öðlast viðtækari skilning á hinum andlega þroska manna. En höfundar þeirra prófa eru þeir Frakkarnir Alfred Binet og Th. Simon, er fyrst birtu athuganir sínar 1905. Síðan hafa þessi próf verið endurbætt (H. H. Goddard í Bandaríkjunum og W. Stern í Þýskalandi) og löguð eftir þörfum mismunandi þjóða og stétta, sem hefir mikla þýðingu, því að án þess verður samanhurður erfiður og óáreiðanlegur milli hinna ýmsu þjóða og fólks, sem býr við gerólik skilyrði. Þykja nú próf þessi hvarvetna gefa hina beztu raun.

Hér verður ekki unnt að skýra próf

Þessi, en aðeins skal tekið fram, að það, sem mælt er við prófin, er hið meðfædda vit.<sup>1)</sup> eða, að því er sumir ætla, einhver einn ákveðinn eðlisþáttur, er virðist liggja til grundvallar öllu viti, greind og skilningshæfileikum eða jafnvel öllu gáfnafori, svo margþætt sem það þó virðist vera. Að sjálfsgöðu þroskast hörn að viti eftir því sem þau eldast, og fer um andlega þroskann á sama hátt og líkamsþroskann, að hin einstöku börn þroskast mishratt og þroskanum er lokið misnemma. Ekki er talið, að fólk þroskist að viti fram yfir 16 ára aldur, og telja ýmsir raunar, að mönnum sé yfirleitt full farið fram að viti um 14 ára aldur. Um hvern einstakan er það að segja, að vitið þroskast ekki rykkjótt eins og iðulega á sér stað um líkamsvöxt, heldur með samsvarandi hraða. Þannig, að þegar börn eru prófuð ár eftir ár, kemur það ekki fyrir, að þau, sem eitt árið reynast að nokkru ráði yfir meðallag, verði á öðru ári undir meðallagi eða öfugt. Vel viti þorin eða gáfuð börn verða því gáfað fullorðið fólk, nema þau verði fyrir slysum eða sjúkdómum, er hafi áhrif á andlega hæfileika þeirra, og sá, sem einu sinni er treggáfaður eða fáviti, á sér enga viðreisnarvon að því leyti — hann verður alltaf treggáfaður eða fáviti. Með þessum vitprófum er kafað djúpt í eðli manna og komið á bak við það, sem fræðsla og menntun virðist bæta við gáfurnar og skerpa skilninginn. Þar með er engan veginn gert lítið úr fræðslunni. Það hefir enn sitt fulla gildi, að sá er fiðl, sem fátt er kennt, því að þó að engin fræðsla breyti eðlisgáfum manna eða meðfæddu viti, þá temur hún það við viðfangsefni hvers eins og ávaxtar þannig hið meðfædda pund til hagnýtra nota fyrir sjálfan hann og samfélagið. Og á þetta við um fræðslu fólks á öllum gáfnastigum og ekki sízt við hið treggáfaðasta. Það er aftur sagan um gildi lífskjara og umhverfis til ávöxtunar hinum meðfædda arfi.


1) Hér er ekki gerð tilraun til að greina nákvæmlega í sundur merkingar orðanna vit, gáfur, greind, gáfaður, greindur, viti þorinn o. s. frv., sem í alþýðumáli gripa hvert inn í annað og merkja oftast hið sama, þó að í sumum talsháttum verði vart merkingamunar. Hér eru orðin notuð á alþýðlegan hátt og til þess ætlazt, að á sambandinu sjáist, hvað í raun og veru er átt við.

#### Niðurstöður vitprófa.

Upphaflega eru prófraunir þær, sem nolaðar eru við vitprófin, jafnhæðar (standardiseraðar) með því að leggja þær fyrir aragrúa barna, og eru þannig fundin meðalafköst barna innan hinna ýmsu aldursflokka. Þarf þetta að gerast að minnsta kosti fyrir hverja þjóð. Við meðalafköst, sem á þenna hátt eru fundin, er miðað þannig, að barn, sem leysir prófið af hendi eins og börn á þess aldri hafa reynzt að gera almennt, telst að vera í meðallagi gáfað, hafa meðalvit, eðlilegan andlegan þroska eða **vitaldur** jafnháan raunverulegum aldri sínum. Leysi það aftur á móti prófið ekki betur af hendi en yngri börn gera almennt, er vitaldur þess lægri eins og hann er hærri, ef það stendur sig til jafns við sér eldri börn. Gáfnastig hvers eins er táknað með hundradstölu, svonefndum **vitkvóta** (Intelligence Quotient: I. Q.), sem finnst með því að deila vitaldrinum með hinum raunverulega aldri og margfalda útkomuna með hundrad. Barn, sem hefir meðalvit eða vitaldur jafnháan raunverulegum aldri sínum, hefir þannig vitkvótann 100. Ef 10 ára barn stendur sig ekki betur en til jafns við 5 ára börn, er vitaldur þess 5 ár og vitkvóti þess 50, og ef 10 ára barn jafnast aðeins á við 7 ára börn, er vitaldur þess 7 ár og vitkvótinn 70. Ef 8 ára barn reynist hins vegar að jafnast á við 10 eða 12 ára börn, er vitaldur þess að sama skapi hærri og vitkvótinn 125 eða 150. Þegar fullorðið fólk er prófað, er venjulega gengið út frá því, sem reynslan líka staðfestir, að vitþroskinn stöðvist við 14—16 ára aldur, og miðast þá vitkvóti þess við það, að allir séu á þeim aldri. Eins og vitkvótinn verður fundinn af vitaldrinum og hinum raunverulega aldri má finna vitaldurinn af vitkvótanum og hinum raunverulega aldri. 10 ára barn með vitkvótann 50 er þannig 5 ára að vitaldri

$$\left( \frac{x}{10} = \frac{50}{100} ; 100x = 500; x = 5 \right)$$

og fullorðinn maður með sama vitkvóta 7—8 ára eftir því, hvort miðað er við það, að mönnum sé fullfarið fram að viti 14 eða 16 ára. Á sama hátt er vitaldur fullorðins manns með vitkvótann 70 um 10—11 ár.




Þegar fjöldi manns er látinn ganga undir vitpróf, segjum t. d. 2000 skólabörn (sbr. línuritíð hér fyrir ofan) kemur í ljós, að fáein skara fram úr að gáfum og liggur flest í augum uppi, er kemur til náms og skilnings. Álika mörg eru aftur á móti svo gáfnasljó, að engin leið er að láta þau fylgjast með jafnöldrum sínum við nám, hvernig sem þolinmóðustu kennarar leggja sig í líma við þau. Þau eru andlega vanþroska, meiri eða minni fávitar. Þá er álitlegur fjöldi að visu vel gáfaðra barna, sem þó eru engan veginn nein ljós, og líkur hópur treggáfaðra barna, heimskra barna, sem þó geta ekki talizt fávitar. En mestur fjöldinn er miðlungsborn, efni í fólk eins og fólk gerist flest, hvorki gáfað né allheimskt og jafnfjarri því að vera fávitar og það er fjarri öllum andlegum yfirburðum. Þar sem vitkvótinn, þ. e. meðfæddar gáfur manna, breytist ekki með aldrinum, lærdómi eða menningu, mundi þetta línurit líta nokkurnveginn nákvæmlega eins út, þó að allir hefðu verið fullorðnir og á svipuðum aldri, sem prófaðir voru. Þess mismunar er þó að gæta, að á meðal skólabarna eru yfirleitt ekki hinir aumari fá-

vitar, þeir, sem hafa vitkvóta fyrir neðan 50, sem að jafnaði eru öllum bersýnilega ekki í almenna skóla tækir.

Á 1. mynd, á sérstöku myndablaði, er fylgir þessari ritgerð, hefir verið reynt að setja mönnum ljóslega fyrir sjónir mininn á líkamlegum þroska manna og hinum andlega þroska, þar sem þrír fullvaxnir menn eru sýndir, meðalmenn að vexti, á líkum aldri, ef til vill uppaldir við sömu skilyrði og allt að því óþekkj-anlegir hver frá öðrum að ytra útliti, en innri menn þeirra, þeir, er sýna hinn andlega þroska þeirra, hvers um sig, eru svo ólíkir, að aðeins einn þeirra er fullorðinn maður, en hinir tveir óþroskuð börn á mismunandi aldursstigi. Hér er þó á hvoruga hlið leitað til öfga, því að ekki er hærra farið en til manns í meðallagi gefins (vitkvóti 100) og ekki neðar en niður undir það takmark, að hið ytra útlit þarf enga tortryggni að vekja (vitkvóti 50). Hinn þriðji er þar á milli (vitkvóti 70).

En hversu gríðarlegur munurinn er á gáfnafari fullorðinna manna án tillits til aldurs, lærdóms og menningar, má verða mönnum ljóst af 2. mynd á sama blaði,

1. mynd.




A: Eðlilegur andlegur þroski (vitkvóti 100).


B: Andlegur þroski 10—11 ára barns (vitkvóti 70).

C: Andlegur þroski 7—8 ára barns (vitkvóti 50).

2. mynd.



Ef líkamsvöxtur manna fylgdi vitinu, yrði maður með vitkvóta 50 (A) 85 cm eða jafnhár 2 ára barni, maður með vitkvóta 70 (B) 119 cm eða jafnhár 8 ára barni, maður með vitkvóta 100 (C) 170 cm eða meðalmaður á vöxt, maður með vitkvóta 130 (D) 221 cm og maður með vitkvóta 170 (E) 289 cm.



3.—8. mynd.

Þessar ljósmyndir eru af 12 drengjum (tvær og tvær saman af hverjum). Drengirnir eru á öllum gáfnastigum, er ná yfir hið víðasta svið, allt frá aumasta fávitabætti (vitkvóti 18) og upp í þinar mestu afburðagáfur, sem mældar hafa verið (vitkvóti 171). Það er almenn skoðun, að af útliti manna, höfuðlagi, andlitsfalli og yfirbragði, megi fara nærri um gáfnafar manna, og sennilega treystir góðfús lesari sér allvel í þeim efnum. Vill hann nú ekki gera tilraun til að raða myndunum eftir því sem honum virðast drengirnir gáfulegir og skilja þannig sauðina frá höfrunum; gáfumennina frá miðlungsmönnum og þá aftur frá heimskingjum, andlegum fátáðlingum og aumustu fávitum. En ef hann vill láta sér nægja að benda á gáfaðasta piltinn og hinn sízt gefna, er einnig því tekið með þökkum.



G

G

H

H



I

I

J

J



K

K

L

L

Í Ameríku hafa þessar myndir verið lagðar fyrir sálfræðinga, leiðbeinendur ungra manna um að velja þeim störf og grúskara, er gefa sig við að lesa lyndiseinkunnir manna af svip þeirra, 274 slíka sérfræðinga samtals. Þeir reyndu að geta sér til um gáfnafar drengjanna af myndunum og röðuðu þeim samkvæmt því. En svo er þetta erfitt, að niðurstaðan varð yfirléitt ekki nær sanni — þegar undanskildir eru þrír eða fjórir aumustu fávítarnir — en þó að myndunum hefði verið stokkað eins og spilum og hending ein látin ráða röðinni. Aðeins aumustu fávíta (með vitkvóta undir 50) er bægt að þekkja af útliti þeirra, en raunar síður af myndum, en þegar menn hafa þá sjálfa fyrir sér. Á töflunni aftan á þessu blaði má sjá vitkvóta allra drengjanna og meðalniðurstöðu af röðun sérfræðinganna.

### Gáfnafar og ytra útlit.

Hér fyrir neðan er drengjunum A—L, sem myndir eru af á undanfarandi blaðsíðum, raðað eftir því sem vit þeirra hefir mælt, og er vitkvótinn jafnframt greindur. Í aftasta dálki töflunnar er meðalnúmerstaða 274 sérfræðinga, sem röðuðu drengjunum eftir því sem þeim virtist af myndunum, að þeir hefðu gáfur til.

Rétt röð	Drengir	Vitkvóti	Röð sérfræðinganna
1	H	171	3
2	C	140	6
3	A	128	8
4	E	119	2
5	B	111	5
6	G	99	1
7	K	71	4
8	I	63	7
9	D	55	9
10	F	36	11
11	L	26	10
12	J	18	12

H er fágætur afburðamaður að gáfum. C hefir ágætar gáfur og A góðar gáfur. E, B og G eru miðlungsmenn að gáfum. K er mjög heimskur og á takmörkum þess að vera með eðlilegan andlegan þroska. I og D eru andlegir fáráðlingar og D nálægt takmörkum þess að vera sýnilegur fáviti. F, L og J eru aumustu fávitar og er J einkum mjög vanþroska eða ekki þroskaðri en barn á þriðja ári, ef gert er ráð fyrir, að hann sé um 14 ára aldur.



þar sem munur á viti manna er þorinn saman við líkamsvöxt og sýnt, hver stærðarhlutföll manna yrðu, ef stærðin minnkaði eða ykist hlutfallslega með vitkvótanum. Ef maður með meðalgáfur, eða vitkvóta 100, er látinn samsvara meðalmanni á vöxt (170 cm.), verður andlega vanþroska maður og þó ekki aumari en það, að ekkert slíkt þarf hann að bera utan á sér (vitkvóti 50), 85 cm. dvergur eða jafnhár tveggja ára barni. Treggáfaður maður á takmörkum þess að vera talinn með eðlilegum andlegum þroska (vitkvóti 70, sjá síðar), yrði 119 cm., eða jafnhár 8 ára barni. Maður með góðar gáfur, án þess að vera nokkurt afbragð (vitkvóti 130), yrði 221 cm. eða svipaður á hæð og risinn úr Svarfaðardal. En afburða gáfumaður, eins og þeir gerast skarpastir (vitkvóti 170), yrði 289 cm. eða um 1 metra hærrí en stærstu menn, þeir, sem ekki eru taldir að hafa óeðlilegan líkamsvöxt.

#### Vitprófin tæplega einhlít, en það skiptir hér litlu máli.

Rétt er að taka það fram, að fundið hefir verið að þessum vitprófum, að þau nái tæplega til ýmissa sérgáfna, er þó geti haft þýðingu fyrir gildi manna fyrir sjálfa sig og samfélagið, og hafa verið tilnefndar sérgáfur til smíða og félagslegar eða siðferðilegar gáfur, enda hefir verið reynt að leita eftir slíku með sérstökum prófum. Um þetta er deilt, en með því að ekki mun vera dregið í efa, að hin almennu vitpróf séu fullnægjandi til leiðbeiningar um efni það, sem hér er tekið til meðferðar, verður sú deila látin liggja á milli hluta.

#### Niðurstöður vitprófa um fávítahátt.

Hvað hafa nú vitprófin leitt í ljós um fávíta og fávítahátt? Fyrst og fremst það, að þeir, sem hafa vitkvóta 50 og þar fyrir neðan, þ. e. t. d. 10 ára barn með andlegan þroska 5 ára barns og fullorðinn maður með andlegan þroska 7—8 ára barns, bera að jafnaði utan á sér fávítaháttinn, svo að alþýða manna villist sjaldnar en hitt á því og kallar slíkt fólk fávíta. En við nánari athugun kemur í ljós, að fólk, sem ekki hefir allt að því  $\frac{3}{4}$  af meðalmanns viti eða hefir vitkvóta

um 70, fullorðið fólk með andlegan þroska 10—11 ára barna og þar fyrir neðan, er svo gáfnatregt og andlega vanþroska, að ekkert má út af bera, ef það á ekki að verða sjálfu sér og öðrum til vandræða. Hér verður að taka það fram, til að koma í veg fyrir misskilning, að engin skýr takmörk eru á milli fávíta í þessum skilningi og þess fólks, sem kallast að er að hafa eðlilegan andlegan þroska, en af praktískum ástæðum verður að setja mörkin einhversstaðar. Er fremur deilt um, að vitkvótinn 70 sé of lágur en of hár.

#### Fávítar og andlegir fáráðlingar.

Fólk á þessu andlega þroskastigi, þ. e. fólk með vitkvóta 50—70, litur að jafnaði út eins og annað fólk, að minnsta kosti það, sem nálgast efra markið. Margt af því getur verið snoturt fólk, og er engin leið að þekkja það á útlitinu frá jafnvel hinu bezt gefna fólki. Má sjá þess glögg dæmi á mannamyndum þeim, sem gerðar eru eftir ljósmyndum og prentaðar eru á hinu sérstaka myndablaði (3.—8. mynd). Ameríkumenn nefna þetta andlega vanþroskaða fólk, sem þó ber ekki utan á sér fávítaháttinn, *morons* (eftir grísku orði, sem þýðir heimskur), og mun ekki fjarri, að það sé fólkið, sem hér á landi hefir verið kallað fáráðlingar eða andlegir fáráðlingar.<sup>1)</sup> Í frumvarpinu er það talið með fávítum.

#### Andlegir fáráðlingar og umhverfið.

Við fábreytt lífsskilyrði og einföld störf, einkum undir annarra stjórn, getur þetta andlega vanþroskaða fólk hjargað sér og gerir það oft, ef það er þá gætt rólegum skapsmunum, sem það oft er, og verður ekki fyrir miklum freistingum í neina átt. En ef erfiðleikar mæta því, ef það á að sjá ráð fyrir öðrum, ef það á að bregðast skynsamlega við því, sem er nýtt og óvænt, ef það er rífið upp úr því umhverfi, sem það er orðið vant, og sett í nýtt ólíkt umhverfi, ef það er ástriðuríkt í einhverja átt, ef það verður

1) The American Association for the Study of the Feebleminded flokkar fávíta sem hér segir: Aumustu fávítar (idiots), þeir, sem hafa vitkvóta undir 25; aðrir aumir fávítar (imbeciles), þeir, sem hafa vitkvóta 25—49; andlegir fáráðlingar (morons), þeir, sem hafa vitkvóta 50—74.

týrir freistingum, sem það hefir ekki æfingu í að standast, ef það fellur í hendur óvandaðra manna -- þá er voðinn vís.

#### **Aðstaða andlegra fátáðlinga hér á landi fyrr á tímum.**

Meðan Íslendingar voru nær undantekningarlaust bændur, sem lifðu við hin sömu fátrotnu skilyrði í strjálbýli og umbreytingarleysi öld eftir öld, hefir fólk af þessu tagi litla eftirtekt vakið. Það hefir fallið sémilega inn í samfélagið, verið fært um að leysa af hendi hin fábreyttu störf, jafnvel allt að því eins vel og aðrir, sem betur hafa verið gefnir, og yfirleitt síður en svo orðið til vandræða. Eflaust hefir það orðið undir í lífsbaráttunni, þannig, að það hefir síður náð ábúð á jörðum, síður en aðrir og oft aldrei stofnað til hjúskapar og síður en aðrir aukið kyn sitt. Við, sem munum nokkuð aftur til hinna fábreyttu háttáforeldra okkar og þeirra foreldra, munum flestir til fleira eða færra fólks af þessu tagi, að mörgu leyti yndislegs fólks, stórra saklausra barna, jafningja annarra barna á heimilunum og kærna vana.

#### **Breytt aðstaða andlegra fátáðlinga hér á landi vegna breyttra lífsskilyrða.**

En bylting sú, sem orðið hefir á Íslandi á síðustu árum, er fjöldi fólks, og þar á meðal góður skerfur hins andlega vanþroskaða fólks, hefir yfirgefið sveitirnar og sett á kaupstöðum við gerólíka atvinnuhætti og lífsskilyrði, gerbreytir afstöðu þessa fólks til þjóðfélagsins og þjóðfélagsins til þess. Lífsskilyrðin í sveitunum og atvinnuhættir þar hafa raunar líka gerbreytt á þessum sama tíma. Andlegir fátáðlingar eiga nú að keppa um hina ólíkustu atvinnu á yfirfullum atvinnumarkaði og standa illa að vígi í samkeppninni. Nú eru engar hömlur á, að þetta fólk stofni til hjúskapar og hrúgi niður börnum, sem það líka gerir flestum fremur, en er öllum síðra til að sjá fyrir stóru heimili og ala upp mörg börn. Sveitarsjóðirnir eru athvarfið, sem það skiptir við eins ábyrgðarlaust eins og börn, og hefir ekki heldur sterkari bein en börn til að þola þau erfiðu og siðspillandi viðskipti. Freistingarnar eru

nú ólíkar því, sem áður var, enda fellur þetta fólk unnvörpum fyrir þeim og gerist sekt um margvíslega óknytti. Ekki stendur heldur á óhlutvendni þeirra, sem vitið hafa meira, til að afvegaleiða þessa fátáðlinga. Stúlkurnar verða unnvörpum skækjur, eiga lausaleiksbörn á fyrsta kynþroskaaldri og geta oft ekki feðrað, breiða út kynsjúkdóma og hverskonar óþverra, en piltarnir verða betlarar, vandræðamenn, drykkjuræflar og töttralyður. Allskyns sjúkdómar, og ekki sízt berkla-veiki, ásækja þetta fólk öðru fólk fremur, og telja sumir, að líkamlegur vanþroski og lítið móttöðuafl gegn sjúkdómum sé fátáðlingum meðfætt ásamt hinum andlega vanþroska, en aðrir, að hin illu kjör, er þeir hljóti að búa sér, séu þess valdandi, sem er líklegra, nema hvorttveggja sé. Fær tryggingarstarfsemin þar sinn hlut deildan, ef sveitarsjóðirnir ýta frá sér. Fræðsla þessa fólks í almennum skólum kostar óhemju fyrirhöfn og þolgæði, tefur námið stórkostlega fyrir þeim, sem betur mega, er langoftast unnin fyrir gýg og krefst raunar sérskóla sérmenntaðra kennara og ærins kostnaðar, ef verulegs árangurs á að vænta. En að ekki er allt undir gáfafarinu komið, þó að mikið hafi að segja, sýnir það, sem ekki má gleymast í þessu sambandi, að margir eru vandræðamennirnir og oftast hinir verstu, sem nægar hafa gáfurnar, og alltaf hittast þó fátáðlingar að gáfum, sem jafnvel við ólíkleg skilyrði eru löghlýðnir, heiðarlegir, siðþrúðir og tiltölulega ráðdeildarsamir borgarar, sem gera mörgum gáfumanninum skömm til. Svo miklu varðar annað innræti og skapgerð, eðlilegt jafnvægi geðsmuna og andleg heilbrigði, þó að illa nýtist eða alls ekki, ef vitið nær ekki ákveðnu lágmarki.

#### **Andlegir fátáðlingar sæta mjög ósanngjörnum dómum.**

Andlegir fátáðlingar sæta nærri undantekningarlaust ómildum og ósanngjörnum dómum fyrir það, hve allur almenningur er fjarri því að skilja eðli þeirra og afstöðu. Menn átta sig ekki á því, að þetta stóra fólk, jafnvel roskið og öldurmannlegt fólk, er engu að síður börn, oft litil, unkomulaus og veiklynd börn, sem lífið

gerir miskunnarlausar kröfur til, eins og þau væru fullorðið fólk. Ef sýna á þessu fólki sanngirni, má ekki gleyma því, að ráðleysi þess er ráðleysi barna, óknyttir þess brek barna, og hversu siðspillt sem það er, þá er það þó ekki annað en siðspillt börn. Öldin, sem við lifum á, hrósar sér af því að vera öld barnanna, en þar er nokkurs í vant, ef þessum stóru hörnum, sem aldrei verða fullorðin og eru ef til vill brjóstumkennanlegust allra barna, er með öllu gleymt og engin nærgætni sýnd.

#### Fjöldi fávita og andlegra fáráðlinga hér á landi og annarsstaðar.

Hvað mundi vera mikið af þessu fólki hér á landi? Það veit enginn. Tölur þær, sem fyrir eru, ná aðeins til hinna aumustu fávita, fávítanna, sem ætla má, að hafi vitkvóta undir 50, og benda þær til þess, að slíkir fávitar séu um 200 í landinu. En hvarvetna er sú tala hverfandi hluti fávítanna, ef miðað er við vitkvóta 70. Allgott samkomulag virðist vera um það í Bandaríkjunum meðal fróðra manna, þar sem þessum málum hefir verið einna mestur gaumur gefinn, að tala allra fávita og andlegra fáráðlinga sé þar um 4—5% af allri þjóðinni, en margir telja þá miklu eða jafnvel helmingi fleiri. Bretar virðast gizka á lægri tölu hjá sér eða um 1%, og er oft miðað við þá hundraðstölu þeirra fávita, sem þarfnast opinberra afskipta. Af börnum í barnaskólum eru venjulegast 2% greinlegir andlegir fáráðlingar, en aumustu fávitar sækja ekki slíka skóla. Hér á landi getur ekki heitið, að vitpróf hafi farið fram, að því undanteknu, að Ármann Halldórsson, mag. art., prófaði vandlega um 100 skólahörn á Ísafirði fyrir 2 árum. Reyndust 3 af þeim andlegir fáráðlingar, með vitkvóta neðan við 70, þ. e. 3%. Af svo lágri tölu barna verður vitanlega engin almenn ályktun dregin. Er ég í huganum lít yfir þau byggðarlög, þar sem ég er kunnugastur, koma þau mér að þessu leyti svo fyrir sjónir, að engan veginu sé vanhörf á að gefa þessum málum gætur hér á landi og það heldur fyrr en síðar. Jafnvel aðeins 1% af þjóðinni er rúmlega 1150 manns, 3% 3500 og 5% ekki mikils vant í 6000, sem væri

ömurlegur hópur slíks fólks í ekki fjölmennara þjóðfélagi. En hvað svo sem raunverulegum fjölda þessa fólks kann að liða, er nokkur ástæða til að óttast um, að því fjölgi fremur en fækki, ef allt er látið afskiptalaust.

#### Arfgengi fávitaáttar.

Fávitaáttur og andlegur vanþroski er arfgengur eiginleiki, þó að ekki sé kunnugt um erfðahættina og vitnisburðir séu ósamhljóða um, hve mikil brögð séu að því, að slíkt erfist. Hitt er víst, að ekki er allur fávitaáttur erfðum að kenna, en getur einnig stafað af sjúkdómum eða slysum í fósturlifinu, í fæðingu eða í fyrstu bernsku. Sennilega er slíkt miklu tíðara um hina aumustu fávita en fáráðlingana, sem einnig að öðru leyti skiptir miklu meira máli um, að því er við kemur þessum erfðum. Hinir aumustu fávitar ná því sára sjaldan að eignast afkvæmi, enda telst til glæpa að eiga kynferðileg mök við þá. Er hverfandi lítil þörf á að gera sérstakar ráðstafanir til að hindra barngetnað þeirra. Öðru máli er að gegna um fáráðlingana, sem í hjúskap eru flestum barnfleiri, auk þess sem fáráðlingsstúlkur hruga niður lausaleiksbörnum öðrum fremur. Yfirleitt bendir reynsla til, að meiri hætta stafi af fáráðlingskonum að þessu leyti en körlum. Fáráðlingskonur skortir ekki karlmenn til fylgilags, en karlmenn, sem eru andlegir fáráðlingar, og þó sjálegir séu, standa sig að jafnaði fremur illa í frjálsri samkeppni um hylli kvenna. Fróðustu menn áætla, að helmingur allra fávita og andlegra fáráðlinga, eða 50%, séu fávitar fyrir erfiðir — og telja jafnvel lágt áætlað, og það er víst, að um 50% allra fávita og andlegra fáráðlinga á fávitaáttum í Bandaríkjunum eiga til andlegra fáráðlinga að telja. Sumir, og að ég hygg flestir, gera enn meira úr erfðunum og nefna 66% og enn aðrir 75%. Ef tveir andlegir fáráðlingar eiga börn saman, er talið, að yfir 90% barnanna verði einnig andlegir fáráðlingar, en ef annað foreldranna hefir eðlilegan andlegan þroska, þá um 45%. En hér mun að visu vera átt við það, að foreldrarnir séu þá andlegir fáráðlingar fyrir erfiðir.

Bandaríkjamenn hafa gert talsvert að

Því að semja ættarskrár andlega vanþroskaðs fólks. Á fávítahæli í Kaliforníu voru nokkrir fávítar af sömu ætt, og við eftirgrennslan kom í ljós, að tvenn systkini höfðu bundizt hjúskap á víxl. Voru önnur hjónin bæði andlegir fáráðlingar, en hin höfðu eðlilegan andlegan þroska. Út af fyrri hjónunum höfðu komið alls 36 börn frá 8 foreldrum, og voru 25 fávítar. Út af síðari hjónunum höfðu komið alls 39 börn frá 7 foreldrum, og af þeim aðeins eitt óvenjulega treggáfað, án þess þó að geta talizt fávíti. Alkunn er afkomendaskrá Martíns Kalilaks. Hann var tvíkvæntur, og var önnur kona hans andlegur fáráðlingur. Meðal afkomenda Kalilaks frá því hjónabandi urðu 222 fávítar frá 41 foreldri. Hin konan hafði eðlilegan andlegan þroska. Allir afkomendur Kalilaks frá því hjónabandi höfðu ekki eingöngu eðlilegan andlegan þroska, heldur var á meðal þeirra fjöldi ágætra, þjóðkunnra manna. Hvað mundu íslenzkir ættfræðingar geta lagt fram til upplýsingar þessum málum hér á landi?

**Vönun andlegra fáráðlinga léttir þeim lífið, er þjóðinni til hagsbóta og dregur úr úrkynjun komandi kynslóða.**

Meðal fávíta og andlegra fáráðlinga á að vera höfuðvettvangur þessara laga, og er til þess ætlazt, að það verði aðallega þetta fólk, er hér hefir verið lýst, sem leiti verndar þeirra og aðstoðar, jafnframt því, sem þess er vænzt, að um leið og því er liðsinnt, verði það þjóðinni sem heild til hagsældar, og miði, svo langt sem það nær, til þess að draga úr úrkynjun komandi kynslóða.

**Á hvern hátt vönun léttir andlegum fáráðlingum lífsbaráttuna.**

Ekki er erfitt að leita þess fyrir andlega fáráðlinga að fá sig tryggða gegn barngetnaði með hættulausum eða hættulitlum aðgerðum, sem engin áhrif hafa á eðli þeirra eða heilbrigði. Mjög margir þeirra geta, eins og sagt hefir verið, orðið sjálfhjarga menn og jafnvel góðir og nýtir borgarar, ef lífsbaráttan er við þeirra hæfi og ekki eru gerðar of miklar kröfur til þeirra. Fræðsla um takmarkanir barneigna má sín hér einskis, því að

hún kemur allra sízt þessu fólki að gagni. En hin erfiðasta hyrði, sem á þetta fólk er lögð, og alltaf óbærileg, er að eiga að sjá borgið stórrí fjölskyldu, oftast en hitt fáráðlingsfólki eins og það er sjálft. Þeir, sem hafa séð hörmungar slíks heimilislífs og skilið, hvað liggur því til grundvallar, gleyma því aldrei. Eða sámilega víti borinn maður eða kona (oftast maður), sem ratað hefir í þá ógæfu að hindrast andlegum fáráðlingi, geta við afkvæmi, sem eru meiri eða minni fáráðlingar, og mega eiga von á fleiri slíkum! Hvers virði væri það ekki fyrir slíkan mann eða konu að fá þar reista rönd við? En það er með hjúskap þessa fólks og viðskipti þess hvers við annað eins og um viðskipti þess við þjóðfélagið, að það getur farið vel, ef ekki reynir of mikið á sambúðina. Barneignir og einkum mikil ómegð er fullkomin ofraun, sem leiðir til óhjákvæmilegrar hjúskaparóhamingju. Þar sem þjóðfélögin sjá á sómasamlegan hátt fyrir fávítum sínum og andlegum fáráðlingum -- sem á langt í land hér á landi -- eru reist sérstök hæli fyrir þá. Fjölda margir, sem lokaðir eru inni í slíkum hælum, eru á takmörkun þess að vera færir um að vinna fyrir sér eins og annað fólk, og það, sem þá vegur aðallega baggamuninn, er, að ekki þykir leggjandi í þá hættu, að þeir lifi frjálsum kynferðislífi, stofni heimili og geti börn, sem óhjákvæmilega steypir ekki eingöngu þeim sjálfum í ógæfu, heldur mörgum með þeim. Á slíkum hælum á það yfirleitt upptök sín (Kalifornía), að fólk af þessu lagi sé vanað áður en því er sleppt lausu, og þykir hafa gefið hina beztu raun. Danir hafa einnig af góðri reynslu að segja í þessum efnum. Fáráðlingar, sem annars mundu óhjákvæmilega hafa orðið sjálfum sér og öðrum til vandræða, hjarga sér nú furðanlega og sumir mjög vel. Margir stofna til hjúskapar, lifa heilbrigðu kynferðislífi, og er ánægjulegt að lesa skýrslur um, hve títt er, að vel fer á með hjónum, sem bæði eru á þessu lága andlega þroskastigi og hve vel þau geta hjargast af, er ómegð sækir ekki á þau. Hversu miklu mannúðlegra það er að gefa þessu fólki kynferðilegt frelsi á þenna hátt en að loka það inni heilbriggt æfilangt, mega allir

nærri geta, sem sjálfir eru kynferðilega heilbrigðir.

**Hvort andlegir fátækingar mundu leita aðgerðanna. Nauðsynlegt að leiðbeina þeim.**

Mundi nú þetta andlega vanþroskaða fólk, og þá það af því, sem mestu varðar um, leita aðstoðar laganna? Eflaust yrðu vanhöld á, að það gerði það að eigin frumkvæði. En mjög margt af þessu fólk þarf svo mikillar aðstoðar að leita til annarra og þá þeirra, sem eiga hagsmuna að gæta við afkomu þess, vandananna og opinberra forráðamanna, að auðvelt er að koma við leiðbeiningum. Oftar en hitt er þetta ráðþægið fólk, ef vel er farið að því, og er ekki kvartað undan því erlendis, þar sem reynsla er fengin um þessi efni, og aldrei kemur til mála að leggja þetta fólk óviljugt undir þessar aðgerðir, að á samþykki þess standi. Og til þess mun ekki heldur koma hér, ef nærgætni og mannúð er beitt, en allt annað er alls fjarri tilgangi frumvarpsins.

**Gróði þjóðfélagsins af vönum andlegra fátækinga.**

Um hagsmuni þjóðfélagsins af þessum aðgerðum á hinum andlegu fátækingum þarf naumast að ræða. Þeir liggja í augum uppi. Er raunar meira að óttast, að beinn gróði sveitarsjóðanna þyki svo auðsær, að forráðamenn þeirra sumir kunni sér ekki hóf og stimpli fleiri menn fátækinga en þar koma til greina, að viðhöfðu hinu eina vitprófi, sem oddvitar kunna flestir, en það er að meta þyngsli hvers einstaks þurfamanns á sveitarsjóðunum. En þeim, sem ætlað er að hafa með höndum framkvæmd þessara laga, er jafnframt ætlað að meta réttilega og að verðleikum alla frekju og ruddaskap, sem á kann að bera í sambandi við framkvæmdirnar, og gera öllu slíku viðeigandi skil.

**Hlutverk barnaskóla, fátækinga og sérskóla fyrir vanþroska börn.**

Barnaskólarnir hafa hér sérstakt hlutverk að vinna. Þá sækir mikill fjöldi barna, sem eru meiri eða minni fátækingar, og einkum þau þeirra, sem ætla má, að síðar reynist hafa mesta þörfina fyrir vernd þessara laga. Ef barnakennarar gera sér

far um að kynnast þessum börnum, ekki sízt ef þeir hefðu tök á að beita vitprófum, og fylgjast síðan með þeim til kynþroskaaldurs, standa þeir flestum betur að vígi um að leiðbeina viðkomendum sjálfum og aðstandendum þeirra um allt, er að þessum málum lýtur.

Síðar, er fátækinga hafa verið sett á stofn og sérskólar fyrir vanþroska börn, er þangað að leita leiðbeininganna. Og þá mætti ætla, að bezt væri fyrir framkvæmd þessara mála séð, ef allir fátækingar, sem til álita kæmi að vana, yrðu um stund á opinberri eða viðurkenndri stofnun fyrir slíkt fólk, því til athugasemjar, hvað rétt er að ráðleggja í þessum efnum.

**Hverju vananir geta áorkað til fækkunar fátækinga og andlegra fátækinga.**

Menn eru misjafnlega hjartásynir á, hverja þýðingu vananir fátækinga og andlegra fátækinga geti haft til að fækka þessu fólk með þjóðunum, eða hve skjótsárangurs megi vænta af slíkum aðgerðum. Það skiptir náttúrulega miklu máli, til hve margra yrði náð, og ekki er líklegt, að hér á landi yrði fyrst í stað náð til svo margra, að fljótlega munaði. En fræðilega séð horfir þetta tiltölulega vænlega. Hefir verið reiknað út, að ef takast mætti að hindra barngetnað fátækinga og allra andlegra fátækinga með þjóð, þar sem tala þeirra væri 100 af hverjum 10000 íbúum, yrðu þeir þegar í næstu kynslóð aðeins 82,6 af 10000, í annari kynslóð 69,4 af 10000 og í hinni þriðju 59,2 af 10000. Þessi útreikningur er miðaður við það, að fátækingahátturinn sé jafnt útbreiddur meðal allrar þjóðarinnar, en ef hann, sem líklegur er talið, er meira og minna bundinn við takmarkaðan hluta þjóðarinnar, einstakar ættir eða einstaka landshluta, telja menn miklu skjótari árangurs að vænta. Ekkert verður sagt um, hvernig þetta muni horfa við hér á landi, og er hér hagnýtt úrlausnarefni fyrir ættfræðinga vora að spreyta sig á.

**Mundu vananir auka lausung og útbreiðslu kynsjúkdóma?**

Ég vil ekki með öllu ganga fram hjá því, sem talið hefir verið varhugavert við vananir fátækinga, einkum kvenfólks,

en það er, að þær muni auka lausung þess, er aftur mundi verða til aukinnar útbreiðslu kynsjúkdóma í löndunum. Erlendir fræðimenn telja ekki mikla hættu á þessu, vísa til fenginnar reynslu og benda á, að einmitt fyrir vananirnar geti fleira af þessu fólki lifað heilbrigðu hjúskaparlífi, sem haldi því frá ólifnaði. Fátt af þessu fólki, sem á annað borð gefur sig við lausung, hefir þá fyrirhyggju, að ótti við barngetnað haldi aftur af því, og raunar mun það ekki heldur títt um betur viti borinn lausingjalýð. Mun að jafnaði tíðara, að ótti við kynsjúkdóma geri meira að verkum. Þó vil ég ekki taka fyrir, að það gæti komið fyrir hér í fámenninu, þar sem hver þekkir annars nánustu hagi, að léttúðarkvendi, sem vitað er um, að ekki getur átt afkvæmi, verði fyrir það meira eftirsótt, og gæti það þá vitanlega leitt til aukinnar útbreiðslu kynsjúkdóma. En þess háttar aukin kynsjúkdómahætta einnar kynslóðar er þá líkleg til að vinnast upp með drjúgt minni kynsjúkdómahættu hinnar næstu.

**Til að meta fávitahátt réttilega eru vitpróf óhjákvæmileg. Nauðsyn sérstakra íslenzkra vitprófa.**

Til stuðnings framkvæmd þessa atvæðis hinna væntanlegu laga, sem hér hefir nú verið rakið um stund, er óhjákvæmilegt að eiga kost á sem allra áreiðanlegustum vitprófum, og þyrfti vitprófsskírteini helzt að fylgja hverri umsókn, þó að vitnisburður athuguls kennara, sem væri þaulkunnugur viðkomanda, og vottorð læknis geti náð langt. Eins og sakir standa er hér því miður ekki kostur áreiðanlegra vitprófa. Þyrfti að vinda bráðan bug að því, að fá útbúnar prófraunir til vitprófa, lagaðar við hæfi Íslendinga og jafnhæfðar (standardiseraðar) með tilliti til þeirra. Vill svo vel til, að nú er völd á íslenskum fræðimönnum, sem þessum vanda eru ágætlega vaxnir. En þegar prófraunirnar eru fengnar, er fljótgert að læra að fara með þær, hvort heldur væri af kennurum eða læknum. Er og engan veginn svo, að slíkra vitprófa sé þörf aðeins í þessu skyni. Þeirra er einnig margföld þörf vegna hinnar almennu fræðslu í landinu, og er ekki vansalaust,

að þau skuli ekki hafa verið tekin í þjónustu hennar fyrir löngu síðan. Enda er þetta löngu ljóst ýmsum merkustu mönnum innan kennarastéttarinnar.

**Vönun án tillits til erfðahættu. Fávitaháttur enn. Ofdrykkja.**

Vönun má einnig heimila á fávitum, varanlega geðveiku fólki og öðrum sjúklingum með alvarlega, langvarandi sjúkdóma, án tillits til þess, hvort hætta er talin á, að slíkt gangi í erfðir til afkomendanna eða ekki. Þessi heimild hefir einnig mikla þýðingu, að því er snertir vönun fávita og andlegra fátáðlinga. Fávitahátturinn er engan veginn undantekningarlaust bundinn við erfðir, og í einstökum tilfellum getur verið erfiðleikum bundið að komast að réttri niðurstöðu um það. En þarfir fávitanna og hinna andlegra fátáðlinga sjálfra fyrir þessar aðgerðir eru hinar sömu, hver sem orsökina er til hins andlega vanþroska þeirra, og það skiptir ekki heldur máli, þegar meta skal hæfileika þeirra til að vinna fyrir fjölskyldu og ala upp börn. Líku máli gegnir um ofdrykkjufólk, með því að álitamál er um, að af ofdrykkju stafi erfðahætta í eiginlegum skilningi.

**Geðveiki.**

Sjúklingar með ýmiskonar geðveiki koma og hér til greina á svipaðan hátt, án þess að rugla megi saman fávitahætti og geðveiki eins og alþýðu manna hættir við. Geðveiki er sýki ýmissa tegunda, sem tekur fólk án tillits til gáfnafars. Fávitaháttur er gáfnaskortur, og ef fáviti er geðveikur, sem líka kemur fyrir, hefir hann tekið sjúkdóm til viðbótar fávitahættinum. Við geðveiki er að jafnaði erfiðt að meta erfðahættuna, en einnig án tillits til hennar getur verið gild ástæða til að líkna slíkum sjúklingum með því að heimila á þeim vananir. Einkum þykir þetta gefa góða raun á sjúklingum, sem eru geðveikir með köflum, en heilbrigðir á milli. Er oft erfiðleikum bundið að sleppa slíkum sjúklingum af geðveikrahælum á milli kasta til fjölskyldna sinna og einmitt vegna hættunnar á barngetnaði. Er hvortveggja, að ekki er bætandi á erfiðleika þess makans, sem heilbrigður

er, og ekki leggjandi á veiklaða skapsmuni hins áhættan af aukinni ómegð.

#### **Geðveiki og gáfur (genialitet).**

Ég get þess hér aðeins, að því hefir verið hreyft til andmæla gegn vönu geðveiks fólks, að afburða miklar gáfur (genialitet) liggi nærri sumum tegundum geðveiki, og kann að visu eitthvað að vera hæft í því. Er vandalaust að benda á dæmi um, að út af andlega veikluðum foreldrum komi á meðal ef til vill margra veiklaðra afkomenda andlegt stórmenni. Mætti þá segja, að vönu slíks fólks í tæka tíð mundi að visu hafa losað þjóðina við vanmetafólk, en með nokkrum tilkostnaði, sem, eftir á skoðað, kann að virðast óbærilegur. En svo sjaldgæft er það, að veruleg andans stórmenni fæðist með þjóðunum, og svo lítið vitað um, hvað liggur því til grundvallar, að allar ráðstafanir eða takmarkanir ráðstafana, sem miða ætti við þau tilfelli, mundu óhjákvæmilega leiða til nokkurra öfga — og þar á meðal allar hömlur í kynferðismálum, að því slepptu, hvort þjóðirnar geta ekki líka keypt afburðagáfur einstakra manna of dýru verði.

#### **Aðrir sjúkdómar. Berklaveiki.**

Af sjúkdómum, sem ekki ganga í erfðir og hér mundu koma til greina, er helzt að nefna hina þýðingarmestu langvarandi sjúkdóma og þá berklaveikina fremst af öllu. Úr lækisreynslu minni kann ég margar átakanlegar sögur að segja af barneignum berklaveiks fólks, um hörmungar og dauða, sem þær hafa valdið og koma hefði mátt í veg fyrir með þessum einföldu aðgerðum. Þó er þess að gæta um fólk með eðlilegum andlegum þroska og heilum geðsmunum, að oft má ætla því að geta leyst þessi vandamál sín með getnaðarvörnum, enda sé því leiðbeint í þeim efnum svo sem það á kröfu til, og að sama skapi mundi þá síður ástæða til að heimila vananir á því, svo og fyrir það að leggja sig undir þá áhættu, sem aðgerðunum þó fylgir.

#### **Óheimil vönu eins maka vegna annars.**

Það verður að taka greinilega fram, að samkvæmt ákvæðum frumvarpsins er með öllu óheimilt að leyfa vananir á heil-

um og ósjúkum maka af tilliti til hins makans. Því að sú spurning kæmi vafalaust fljótlega upp eftir að farið væri að framkvæma lög, og hefir þeirri fáránlegu hugmynd skotið upp á sjálfu Alþingi. Gerum ráð fyrir ungum hjónum, konan er geðveik, berklaveik eða alvarlega sjúk á annan hátt, og þykir ekki mega eiga það á hættu að verða barnshafandi. Vönu á henni er ekki lítils háttar aðgerð, og liggur þá nærri, að bóndi hennar vilji ná sama marki með því að láta gera miklu minni háttar aðgerð á sér. Í fljótu bragði kann þetta að virðast mannúðleg lausn. Sleppum öllum getsökum um, að aðgerðin sé ekki einhlít nema hún sé gerð á konunni sjálfri, en þessi ungi maður kann að vera orðinn ekkjumaður og kvæntur aftur eftir stuttan tíma, og hvers á þá sú kona hans að gjalda, og því á sá hjúskapur að dæmast til að verða barnlaus?

#### **Fóstureyðing í hliðstæðum tilgangi og vönu.**

Það á sér ekki stað í tilsvarendi lögum annarsstaðar, að fóstureyðingaraðgerðir séu heimilaðar í hliðstæðum tilgangi og vananir. Er slíkt talið eiga heima í fóstureyðingarlögum. Til þess var og upphaflega ætlazt hér, að ákvæði um þetta yrðu í fóstureyðingarlögum, og þannig var gengið frá frumvarpi til þeirra laga, er það á sinum tíma var lagt fyrir Alþingi. En ákvæðið fann þá ekki náð fyrir augum þingsins og var fellt í burtu, en að visu með góðum orðum um, að það fengi að fljóta með í lögum sem þessum, er þau kæmu til kasta Alþingis. Formsins vegna er ekkert út á þetta að setja, og fer raunar vel á. Fóstureyðingarlögin miða eingöngu við heilbrigðishag konunnar sjálfrar, sem aðgerðin er framkvæmd á, en þessum lögum er að miklu leyti ætlað að miða við ástand afkvæmisins. Hér er því rökrétt samhengi á milli. Þörfin fyrir þetta ákvæði í einstökum tilfellum hefir mér alltaf verið ljós, en hún var gerð mér sérstaklega eftirminnileg skömmu eftir að fóstureyðingarlögin gengu í gildi. Ung móðir leitaði til mín og hafði alið tvö börn, sem bæði voru mjög alvarlega vansköpuð, að því er bezt varð vitað fyrir ríkar erfðir, og hafði hún gögn í hönd-

um því til staðfestu. Nú var hún nýorðin vanfar í þriðja sinn. Þetta var tvímæla- laust sérstaklega vel viti borin kona og sýnilega góð móðir með óvenjulega ríkri ábyrgðartilfinningu. Hún vildi fá skýrð ákvæði fóstureyðingarlaganna til þess að fá úr því skorið, hvort þau gætu orðið sér að liði. Ég varð að segja, að svo væri ekki, og hefi ég sjaldan orðið vottur að átakan- legri mannlegri hörmung og hugarstriði en ég varð hér, þó að hóflega væri látið. Mig skorti hörku til að senda þessa konu til einhvers af þeim sárafáu þingmönnum, sem fávíslega og ómannúðlega tóku fóstureyðingarfrumvarpinu og meðal annars ekki sízt þessu ákvæði, t. d. þess þingmannsins, sem litur á sig „fyrst og fremst sem fulltrúa kvenna ... í þinginu í öllum málum, sem varða á sérstakan hátt málefni kvenna.“ Ég hygg, að jafnvel hann mundi ef til vill hafa komið til nokkurrar viðurkenningar, þó að ég hafi annars ekki ástæðu til að væna hann um, að honum sé á nokkurn hátt lauslega fisjað saman.

#### **Meðfæddir en ekki arfgengir sjúkdómar og gallar.**

Hugsanlegt er, að hætta sé talin á, að barn fæðist hættulega sjúkt, vanskapað eða alvarlega gallað á annan hátt, þó að ekki sé arfgengi til að dreifa, heldur sé ástæðunnar að leita í öðrum vanheilindum móðurinnar, er áhrif hafi á þroska eða heilbrigði fóstursins í móðurlífi. Frumvarpið heimilar að taka slíkt til athugunar. En ekki er réttmætt að heimila vananir eða fóstureyðingar af slíku til- efni, ef um sjúkdóma er að ræða, sem börn að vísu geta fæðst með, en unnt er að koma í veg fyrir á annan hátt (t. d. lækning móðurinnar við syfilis).

#### **Fóstureyðing heimiluð vegna nauðgunar.**

Þá er heimiluð fóstureyðing, ef kona hefir orðið fyrir þungum vegna nauðgunar, og er álitamál, hvort það ákvæði á betur heima í lögum sem þessum eða í fóstureyðingarlögum, en er hér tekið með, af því að það er ekki fyrir í hinum. Erlendar konur hafa haft uppi mjög há- værar kröfur um þetta, enda er fátt hægt að hugsa sér ómannúðlegra en að skylda konu til að fæða manni barn undir slík-

um kringumstæðum. Annað mál er það, að varla mun þetta hafa mikla praktiska þýðingu og er auk þess bundið töluverðum erfiðleikum í framkvæmdinni. Fyrst er þess að gæta, að eiginlegar nauðganir mun vera fremur fátíðar og miklu fátíðari en konur vilja oft vera láta, eftir að komið er í nokkurt óefni. Að sjálf- sögðu leiða og fæst nauðgunartilfelli til barngetnaðar. Sönnunum í þessum efn- um er ennfremur tíðast erfitt við að koma, því að venjulega eru tvö ein til frá- sagnar og ber illa saman. Málarekstur getur orðið langvarandi, og þá oft seint að heita aðgerðinni, er úrslit eru fengin, ef til vill ekki fyrr en eftir 1--2 ár eftir venjulegum réttargangi. Nú er háttur kvenna sá, að þær geta tíðast vísað til nokkurrar tregðu af sinni hálfu í hin- um nánari viðskiptum sínum við hið styrkara kyn, og er þær af gefnu tilefni hefðu sérstaka ástæðu til að minnst þess, gæti það orðið til að freista þeirra til ástæðulitilla og fremur óskemmtilegra málsýfinga, ekki síður fyrir sjálfar þær en vini þeirra, að ekki sé gert ráð fyrir því, að tvö gefi sig fram í bróðerni og láti sér bera saman um ofbeldisverkið. Hins- vegar er erfitt að ganga með öllu fram hjá atriði eins og þessu, þegar lög eru sett um nálæg efni, enda getur eitt ein- asta tilfelli af þessu tagi verið svo himin- hrópandi, að það réttlæti að öðru leyti jafnvel allhæpna lagasetningu.

Reynt hefir verið að orða þetta heim- ildarákvæði í frumvarpinu svo, að það sé sem allra ólíklegast til að leiða til vand- ræða í framkvæmdinni. Þannig verður hlutaðeigandi kona að hafa kært ofbeldis- verkið fyrir réttvísinni þegar í stað eða áður en hún getur vitað um, hverjar af- leiðingar það kann að hafa. Sökin verður að sannast á viðkomanda, en hinsvegar er atlast til þess, að undirrættardómur verði talinn fullnægjandi, og er það gert til að koma í veg fyrir, að langur mála- rekstur geri ákvæðið með öllu gagns- laust, sem annars væri nærri óumflýjan- legt.

#### **Nánari starfsreglur fyrir nefndina í sér- takri reglugerð.**

Fyrst um sinn verður nefnd sú og land- læknir, er eiga að hafa aðalframkvæmd



þessara laga, að taka hverja einstaka um-sókn til náinnar athugunar og sérstakrar rannsóknar og taka þannig afstöðu til hvers einstaks tilfellis út af fyrir sig. En eftir því sem frá líður og meiri reynsla fæst um framkvæmdirnar, mætti ef til vill setja meira eða minna nákvæmar almennar reglur til að fara eftir, en ætíð skyldi byggja á hinum fullkomnustu og áreið-anlegustu niðurstöðum erfðavísindanna á hverjum tíma, enda er gert ráð fyrir því í frumvarpinu, að ráðherra hafi heimild til að setja slíkar reglur í reglugerð, auðvitað innan þeirra takmarka, sem lög-in setja.

**Landlæknir gefur út leyfi til aðgerðanna. Ef ágreiningur verður milli landlæknis og nefndarinnar, úrskurður ráðherra.**

6. gr. Landlækni er ætlað að gefa út fyrir hönd sína og nefndarinnar leyfi til aðgerða samkvæmt lögnum. Auk þess á hann að ákveða, hvar og af hvaða lækni heimilud aðgerð fari fram, því til trygg-ingar, að það verði við sem bezt skilyrði, og má gera ráð fyrir, að yfirleitt verði vísað til opinberra sjúkrahúsa. Nú er hugsanlegt, að landlæknir, af einhverjum ástæðum, ef til vill fyrir einhverja hleypidóma, neiti að gefa út leyfi, sem meiri hluti nefndarinnar telur réttmætt að veita, og þykir þá lýðræðislega rétt að láta málið koma undir úrskurð ráðherra, ef um-sækjandi vill leita eftir því. Í slíkum til-fellum getur þá ráðherra falið nefndinni að gefa úr leyfið.

**Afstaða lækna við framkvæmd aðgerðanna.**

7. gr. Að sjálfsögðu er öllum öðrum en læknum óheimilar aðgerðir samkvæmt lögum þessum. Og lækni er slík aðgerð jafn óheimil sem öðrum mönnum, nema löglega út gefið leyfi liggja fyrir, er beinlínis heimili honum aðgerðina. Þó er enn sú takmörkun á heimild læknisins, að sjálfur verður hann að sannfæra sig um, að ekki sé viðkomanda fyrirsjáanlega búið heilsu-tjón af framkvæmd aðgerðarinnar. Landlæknir og nefndin hafa væntanlega sjaldnast ástæðu til að kynnast umsækjandanum persónulega, og munu að jafnaði ekki taka til athugunar heilbrigðis-ástand hans að þessu leyti, enda gæti orð-

ið sú breyting á heilbrigðum manni frá því að leyfi væri gefið út fyrir hann og þangað til að framkvæmd aðgerðarinnar kæmi, að þá væri orðin lífshætta fyrir hann að ieggjast undir hana. Hlutaðeigandi læknir á því að bera ábyrgð á framkvæmd sjálfrar aðgerðarinnar og því, hvernig hún tekst, eins og hverju öðru læknisverki, sem hann tekur að sér að leysa af hendi.

Engin ákvæði eru í lögnum, sem skylda lækna til að framkvæma þessar aðgerðir á fólki gegn vilja þess. Þrátt fyrir út gefið leyfi, getur því ekkert orðið úr framkvæmd þeirrar aðgerðar, sem enginn læknir fæst til að taka að sér að framkvæma. Ég geri að óreyndu fremur ráð fyrir því, að það geti orðið erfiðleikum bundið að fá lækni til að framkvæma afkynjunaraðgerð á glæpamanni að honum nauðugum, en harma það þá ekki, því að þó að svo sé látið heita í frumvarpinu, að slíku ofbeldi megi beita, teldi ég þær framkvæmdir þá beztar, ef hinn skýri lagastafur væri einkum notaður til þess að fá hlutaðeiganda til að beygja sig fyrir honum af fúsum vilja. Nokkur reynsla, sem fengin er í þessum efnum annarsstaðar (Danmörk), lofar og fremur gæðu um, að einmitt þannig geti framkvæmdirnar orðið. Læknunum vil ég óska þess til handa, að þeir fái í lengstu lög að vera lausir við öll böðulsverk.

**Skýrslugerð.**

Lagt er fyrir lækna að gefa landlækni skýrslur um allar aðgerðir, sem þeir framkvæma samkvæmt lögnum, í því skyni, að sem greinilegastar heildarskýrslur verði gerðar um allar þessar framkvæmdir. Getur sú skýrslugerð orðið næsta mikilsvarðandi og nauðsynleg undirstaða, er meta skal síðar gildi þessarar löggjafar og hvernig hún reynist að svara tilgangi sínum.

**Þagnarskylda um öll persónuleg málefni í sambandi við framkvæmd laganna.**

Að sjálfsögðu munu margir eiga mikið undir því, að fyllstu þagmælsku sé gætt um öll mál, er tekin verða til meðferðar samkvæmt lögnum, enda er gert ráð fyrir því í frumvarpinu, að allir þeir, sem starfa á einn eða annan hátt að fram-

8. gr.

kvæmd þeirra, séu bundnir þagnarskyldu um öll persónuleg málefni, er þeir í því sambandi kunna að fá vitneskju um.

#### Refsiákvæði.

9. gr. Að svo miklu leyti sem brot á lögnum

verða talin varða einföldum sektum, eru þær ákveðnar 100—10000 krónur. Önnur brot geta varðað refsingum samkvæmt öðrum lögum (læknar: lækningaleyfislög), og þá sérstaklega hinum almennu refsilögum.

### III. NIÐURLAG

#### Löggjöf annara landa um sama efni.

Til undirbúnings samningu frumvarpsins hefi ég sérstaklega kynnt mér lagasetningu Bandaríkjanna, en þar hefir nú hvert ríkið eftir annað samþykkt lög um þetta efni, hið fyrsta (Indiana) 1907 og síðan hvert af öðru, unz slík lög eru nú í gildi í ekki færri en 27 ríkjum af 48, en framkvæmdirnar virðast vera mjög misjafnlega röggssamar. Í Kaliforníu voru sett lög um vananir árið 1909, og er hún það ríkið, sem mesta alúð hefir sýnt þessum ráðstöfunum, enda talið fyrir öllum öðrum löndum í veröldinni í þessum efnunum. Til skamms tíma höfðu verið framkvæmdar þar fleiri vananir en í öllum öðrum ríkjum Bandaríkjanna til samans (8504 af 16066 eða 53%). Hefir heilbrigðisstjórnin í Kaliforníu góðfúslega orðið við beiðni minni og sent mér ýms gögn viðvíkjandi framkvæmd þessarar löggjafar og árangri hennar, sem virðist yfirleitt lofa öllu góðu. Frá Bandaríkjunum hefir löggjöf þessi flutt til Kanada, þar sem slík lög hafa verið samþykkt að minnsta kosti í Alberta og British Columbia. Breiðist lagasetning þessi nú út um flest lönd og vinnur hvarvetna meira og meira fylgi. Þó eru hin rómönsku lönd undantekning, eflaust aðallega vegna hleypidóma hinnar kaþólsku kirkju.

Ég hefi einnig kynnt mér nefndarálit stjórnskipaðrar nefndar brezkrar, er skipuð var árið 1932 til athugunar um þessi mál. Nefnd þessi skilaði álit 1934 og mælti með lagasetningu, er heimilaði vananir, í höfuðatriðum svipað því, sem gert er ráð fyrir í frumvarpi mínu.

Þá hefi ég lauslega litið yfir hin þýzku lög um afkynjanir og vananir, er komu til framkvæmda árið 1934, og virðast gera ráð fyrir viðtækari vönunum, einkum geðveikra manna og annarra, er haldnir eru arfgengum sjúkdómum, í því skyni að útrýma slíkum kyngöllum, en áreið-

anleg þekking um erfðahætti slíkra sjúkdóma þykir annarsstaðar geta réttlætt. Um framkvæmd þessara laga er mér lítið kunnugt.

Öll Norðurlönd, að Íslandi undanteknu, hafa nú tekið upp þessa löggjöf, Danir fyrstir 1929, þá Svíar og Norðmenn 1934 og loks Finnar 1935. Hefi ég einkum kynnt mér hin dönsku og norsku lög um þessi efni. Lög Dana frá 1929 hafa síðan verið endurskoðuð, og eiga þeir nú tvö lög, önnur eingöngu um fávita og andlega fátæðinga frá 1934, en hin um alla aðra frá 1935. Úr þessum síðari lögum Dana hefi ég ákvæði frumvarps míns um afkynjun kynferðisglæpamanna og brennufarga, en þær aðgerðir hafa þótt gefast mjög vel í Danmörku til lækningar slíku fólki. Þannig er getið um, að afkynjaðir hafi verið þar 50 vandræðamenn fyrir kynferðisglæpi, er síðan hafa allir verið gefnir frjálsir, og hefir aðeins einn þeirra gerzt eitthvað sekur síðan.

Lög Norðmanna eru frá 1934, og hefi ég að sumu leyti tekið form þeirra til fyrirmyndar mínu frumvarpi, en að efni til eru hin norsku lög að ýmsu leyti losaralegri. Má beita, að þau gefi nefndinni, er framkvæmdirnar á að annast, með öllu frjálsar hendur um að heimila vananir, er ekki er annars krafizt en að sá, er ber fram óskir um aðgerðina á sjálfum sér, hafi til þess „aktverdig grunn“.

#### Aðrar heimildir.

Auk laga þeirra, sem getið er hér á undan, og venjulegra handbóka í læknisfræði hefi ég einkum stuðzt við E. S. Gosney og Paul Popenoe: Sterilization for Human Betterment, The McMillan Co. 1931, og Otto Lous Mohr: Arvelighet og Sykdom, Gyldendals Norsk Forlag 1935. Linuritið á hls. 34 er eftir Dr. Cyril Burt: The Measurement of Mental Capabilities, Oliver & Boyd.

1. og 2. mynd á hinu sérstaka myndablaði eru dregnar af Birni Björnssyni kennara, en 3.--8. mynd eru eftir Paul Popenoe: *The Child's Heredity*, Williams & Wilkins Co.

**Samvinna við lækna um samningu frumvarpsins.**

Eftir að hafa gengið frá frumvarpinu, sendi ég það til umsagnar bæði læknaeild háskólans og Læknafélagi Reykjavíkur, er fól sérstakri nefnd að taka það til athugunar. Læknadeildin og læknafélagið gerðu síðan nokkrar smávægilegar athugasemdir við einstök atriði frumvarpsins, er ég gat tekið til greina. Hygg ég mig mega fullyrða, að um frumvarpið

sé ekki ágreiningur, sem nokkru máli skipti, innan læknastéttarinnar í landinu, sem er allmikils um vert, svo mikinn þátt sem henni er ætlað að eiga í um framkvæmd þessara laga.

**Frumvarpið borið undir lagadeild Háskólans.**

Ég sendi einnig lagadeild Háskólans frumvarpið, er aftur fól prófessor dr. jur. Þórði Eyjólfssyni að fara yfir það og gera við athugasemdir. Hefir mér borizt álitsgerð hans, og eftir að hafa borið hana saman við frumvarpið eins og ég hefi endanlega gengið frá því, hygg ég, að lögfræðilegir agnúar muni ekki óprýða það svo að neinu nemi.